



Fjöldi fólks lagði leið sína á Austurvöll í gær þegar kveikt var á Oslóartrénu, jólatrénu sem Norðmenn hafa gefið Reykjavíkum samkvæmt gamalli hefð. Að þessu sinni var tréð þó sótt til Heiðmerkur á skógræktarsvæði Skógræktarfélags Reykjavíkur þar, og verður sá háttur hafður á framvegis og íslenskt tré notað. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ákærður fyrir morð í Flórída

Íslendingur í Flórída hefur verið ákærður fyrir morð. Hann hefur einu sinni mætt fyrir dóminn og á að mæta aftur tólfta desember. Áður verið dæmdur í fangelsi fyrir innbrot og ákærður fyrir umferðarlagabrot.

DÓMSMÁL Magni Bødvar Þorvaldsson, sem á íslenskan föður og bandaríska móður, mun mæta fyrir dóm í Jacksonville-borg í Flórída þann tólfta desember næstkomandi. Magni Bødvar er ákærður fyrir morð. Frá þessu greinir starfsmaður fangelsisins John E. Goode Pre-Trial Detention Facility í samtali við Fréttablaðið.

„Hann hefur verið ákærður fyrir morð og verið í fangelsinu síðan nítjándanóvember. Þá mætti hann fyrst fyrir dóm. Hann fer næst fyrir dóm tólfta desember,“ segir starfsmaðurinn.

Fréttasíðan News4Jax í Jacksonville greinir frá því að Magni, sem heitir Johnny Wayne Johnson í Bandaríkjunum sökum tvöfalda ríkisfangs, hafi verið ákærður fyrir morðið á hinni 43 ára gömlu Sherry Prather. Líkamsleifar hennar fundust í skóglendi nærri Braddock Road í Jacksonville árið 2012.

Voru þær svo illa farnar að nokkurn tíma tók að skera úr um hvort þær væru mennskar. Síðar meir kom í ljós að hún hafði látist eftir að hafa fengið byssukúlu í bringuna.

Magni hefur í fjögur ár legið undir grun. Á öryggismyndavél öldurhúss frá kvöldinu sem Prather hvarf má sjá þau tvö keyra í burtu á bifhjól

Hann hefur verið ákærður fyrir morð og verið í fangelsinu síðan nítjándanóvember. Þá mætti hann fyrst fyrir dóm. Hann fer næst fyrir dóm tólfta desember.

Starfsmaður fangelsisins sem Magni er í

hans. Stuttu seinna gaf vitni sig fram við lögreglu og sagði Magna hafa játað morðið við sig.

Útvarpsstöðin WOKV greindi þá frá því að annað vitni hafi gefið sig fram með sams konar sögu fyrr í mánuðinum og því hafi lögregla handtekið Magna. Í yfirheyrslu lögreglu hafi Magni haldið sig við upphaflega sögu sína, en hann var einnig yfirheyrður árið 2012, en hafi smám saman breytt smáatriðum hennar.

Samkvæmt því sem má lesa úr gögnum frá dómstól Duval-sýslu í Flórída nýtur Magni þjónustu opinbers lögmans þar sem hann hefur ekki efni á því að ráða sér lögmann.

Í þeim gögnum má einnig sjá að Magni var árið 1996 dæmdur í ellefu mánaða fangelsi fyrir inn-



Magni Bødvar Þorvaldsson hefur verið ákærður fyrir morð. MYND/JSO



Sherry Prather var myrt árið 2012. MYND/JSO

brot og þjófnað. Hann hefur einnig verið sakfelldur fyrir þrjú brot á umferðarlögum. Fyrir að keyra án réttinda og fyrir að keyra bíl í ólagi árið 2009 og fyrir að keyra á ofsahraða árið 2013.

Sara Hatt, unnusta Magna, segir í viðtali við Stundina að Magni sé

saklaus. Ákæran sé hefndaraðgerð af hálfu fyrrum eiginkonu Magna, sem Jacksonville.com greinir frá að hafi sakað hann um heimilisofbeldi. Eiginkonan fyrrverandi og besti vinur hennar segir Hatt að hafi þegið þrjú þúsund bandaríkjadali fyrir að segja til Magna. thorgnyr@frettabladid.is

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar Fidel Castro. **15**

SPORT Victor Moses er kominn til fyrirheitna landsins. **18**

LÍFIÐ Stefán Jakobsson hefur tekið við Sumartónleikunum við Mývatn. **34**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Pinex® Smelt
Munndreifitöflur
250 mg



Actavis

Veður



SV 8-15 m/s el sunnan- og vestantil á landinu, en þurr og bjart að mestu NA- og A. Hiti 0 til 5 stig, en frost inn til lands-ins. Svalara um kvöldið. **SJÁ SIÐU 24**



Þingflokkur Viðreisnar fundaði um stöðu mála í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Reyna hvað þeir geta til að ná sátt um sjávarútveg

STJÓRN MÁL Formenn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar héldu áfram að ræða mögulegt stjórnarsamtstarf flokkanna um helgina. Þeir hittust meðal annars á fundi í gær og fóru yfir stöðuna. Á meðal þess sem formennirnir ræddu var málamíðunartillaga Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, í sjávarútvegsmálum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru sjávarútvegsmálin eitt helsta bitbein flokkanna í formlegum viðræðum þeirra skömmu eftir kosningar. Viðreisn og Björt framtíð vilja breytingar á kerfinu en Sjálfstæðismenn ekki. Þingflokkur Viðreisnar hittist í Alþingishúsinu síðdegis í gær og fór yfir stöðuna. Að þeirra ósk var þinghúsinu lokað fyrir fjölmörgum á meðan fundur stóð yfir og myndatökur ekki leyfðar.

Heimildir Fréttablaðsins herma að á milli flokkanna sé samstaða í stórum dráttum í flestum málum. Hægt væri að skrifa stjórnarsáttmála þeirra á milli á tiltölulega skömmum tíma. Sátt á milli flokkanna sjávarútvegs- og Evrópumálum er hins vegar forsenda fyrir samstarfinu og hún liggur enn ekki fyrir. Heimildarmenn blaðsins segja hins vegar að fyrst stjórnarkreppa vofi yfir sé mögulegt að málamiðlanir verði gerðar sem ekki voru upp á borðum þegar flokkarnir ræddu fyrst saman.

Í Fréttablaðinu á fimmtudag var því haldið fram að Lárus Welding aflánaði nú fimm ára dóm vegna Stím-málsins svokallaða. Þetta er rangt. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar Íslands. Lárus er beðinn velvirðingar á þessum mistökum.

Tvíburaball í Mjódd



Mikið fjór var í Mjóddinni í gær þegar Tvíburafélagið efndi þar til sins árlega jólaballs. Um hundrað manns mættu, bæði börn og foreldrar, og ekki lét jólasveinninn sig vanta. Hann var með sprell og gaf gjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stjórnarherinn sækir á Aleppo

SÝRLAND Her ríkisstjórnar Sýrlands-forsetans Bashars al-Assad hefur náð völdum í Hanano-hverfi borgarinnar Aleppo af uppreisnarmönnum. Áður fóru stjórnarmenn með völdin í einu hverfi, Jabal Badro. Mannúðarsamtök sem starfa á svæðinu segja að Baadeen-hverfi hafi einnig fallið í hendur uppreisnarmanna.

Fréttaskýrandi BBC segir að áfanginn sé mikill sigur fyrir menn Assads. Herinn muni nú reyna að skera það svæði sem uppreisnarmenn fara með völdin á í tvennt en til þess þurfi stjórnarherinn að ná Sakhour-hverfi.

Talsmaður stjórnarhersins sagði frá því í gær að herinn hjálpaði nú fjölda fólks að flýja undan uppreisnarmönnum.

Stórsókn stjórnarhersins í Aleppo er nú á sínum fjórtánda degi. Samkvæmt Observatory for Human Rights hafa alls 219 almennir borgarar fallið í átökunum, þar af 27 á barnaldri. – þea

Þrettán ára brýtur blað í skáksögu landsins

Vignir Vatnar Stefánsson, 13 ára skákmaður, náði mjög góðum árangri á alþjóðlegu móti í Runavík í Færeyjum. Hann er yngsti skákmaður landsins til að ná 2400 skákstigum. Miklar vonir eru bundir við Vigni í skákheiminum hérlandis.

SKÁK Vignir Vatnar Stefánsson náði þeim merka áfanga að vera yngsti íslenski skákmaðurinn til að ná yfir 2.400 skákstig. Því náði hann í gær með góðu jafntefli í níundu umferð alþjóðlegs skákmóts sem fram fer í Runavík í Færeyjum. Forseti skáksambandsins segir hann vera farinn að banka á dyrnar.

Vignir Vatnar Stefánsson er fæddur árið 2003 og er því 13 ára gamall. Jafnteflið í gær, í lokaumferð mótsins, var einkar snoturt gegn sterkum dönskum alþjóðlegum meistara, Simoni Bekker-Jensen.

Enginn annar íslenskur skákmaður hefur náð svo hátt á alþjóðlega stigalistanum aðeins 13 ára gamall. Þó er vert að hafa í huga að skákstig eru örlítið hærri nú en þau voru hér áður fyrr svo það gæti spilað einhverja rullu. Þrátt fyrir það telst þetta mikið afrek fyrir svo ungan skákmann.

„Ég er eiginlega í pinulitlu sjokki að hafa náð þessu á þessu móti,“ segir Vignir Vatnar, þegar fréttamaður náði tali af honum stuttu eftir skákina. Þá hafði hann komið sér upp á hótél og leyfði sér að slaka á. „Ég sá á andstæðingi mínum að hann var ekki þar sáttur við stöðuna svo ég leyfði mér að leika áfram. Svo þurfti hann að þraskáka mig mjög snemma til að fá ekki mun verri byrjun,“ sagði Vignir.

„Þetta eru auðvitað góð tíðindi fyrir skákina og flott fyrir hann,“ segir Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands. „Nú er hann að einhverju leyti kominn upp að hlið þessara alþjóðlegra meistara sem við eigum og farinn að banka á dyrnar í landsliðsflokk á Skákþingi Íslands til að mynda.“



Vignir Vatnar að tafli í Runavík í Færeyjum. Hann tefldi afar vel á mótinu. MYND/ GUNNAR BJÖRNSSON

Þetta eru auðvitað góð tíðindi fyrir skákina og flott fyrir hann.

Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands



Að sögn Gunnars er mikilvægt að halda sér á jörðinni en með áframhaldandi þjálfun gæti hann orðið sterkur skákmaður. „Nú þarf bara að halda rétt á spöðunum og vera einbeittur. Hann getur orðið góður með réttum aga.“
sveinn@frettabladid.is

30. nóvember í 20 nætur

Frá kr. 69.955

GRAN CANARIA

Stökktu

Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 í gistingu.

Heimsferðir

Stúlka horfir niður götuna.
Í baksn er regnvotri göta.

ÚTT. REYKJAVÍK - NÓTT



GEYSIR

Meirihlutinn í Fjallabyggð sprunginn vegna trúnaðarbrests

STJÓRN MÁL Meirihluti Samfylkingarinnar og Fjallabyggðarlistans í Fjallabyggð er sprunginn. Þetta segir í tilkynningu sem Steinunn María Sveinsdóttir, oddviti Samfylkingarinnar, sendi frá sér í gær.

Slitin eru sögð vegna trúnaðarbrests sem varð á milli oddvita Fjallabyggðarlistans og annarra bæjarfulltrúa meirihlutans.

„Jafnaðarmenn harma að til þessa hafi mátt koma en þakka því góða fólki sem stendur að Fjallabyggðar-

listanum fyrir gott og árangursríkt samstarf,“ segir í tilkynningunni.

Aðspurð um fyrrnefndan trúnaðarbrest segir Steinunn María að hún muni ekki tjá sig um það. „Það verður á milli okkar,“ segir Steinunn María. Í sama streng tóku Sigríður Guðrún Hauksdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, Guðný Kristinsdóttir, varamaður Fjallabyggðarlistans og Nanna Árnadóttir varamaður Samfylkingar.

Í framhaldi þeirrar niðurstöðu að slíta samstarfinu hafa verið teknar

upp viðræður á milli Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks um nýtt meirihlutasamstarf. „Ég er búin að boða til fundar í félaginu á morgun [í dag] og Sjálfstæðismenn eru búnir að ákveða að halda fund í fulltrúaráðinu sínu á morgun [í dag],“ segir Steinunn María.

Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Fjallabyggð, sagði í samtali við fréttastofu í gær að hann vissi ekki hvaða áhrif slitin hefðu á hans stöðu. Að öðru leyti vildi hann ekki tjá sig um málið. – þea



Frá Siglufirði í Fjallabyggð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Garðabær skýri fasteignagjöld

SKATTAMÁL Félag atvinnurekenda hefur óskað eftir skýringum bæjaryfirvalda í Garðabæ á álagningu fasteignagjalda á atvinnuhúsnæði bænum.

Í bréfi FA til Garðabæjar segir að skattlutfall á atvinnuhúsnæði skuli vera 1,32 prósent af fasteignamati. Í lögum sé þó sérstök heimild til að að hækka álagninguna um fjórðung. Innheimt sé samkvæmt slíku álagi í Garðabæ sem sé þá með hámarksprósentuna 1,65 prósent á fyrirtæki í bænum.

„Félag atvinnurekenda óskar eftir rökstuðningi Garðabæjar fyrir beitingu heimildar framangreindra laga til að leggja álag á fasteignaskatt,“ segir í bréfi sem var tekið fyrir í bæjarráði og bæjarstjóra falið að svara. – gar



Sveitastjórnir á Hvammstanga sendi fyrirspurn vegna málsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Svör lögreglu ófullnægjandi

LÖGREGLUMÁL Sveitarstjóri Húnaþings vestra segir svör lögreglunnar á Norðurlandi vestra við fyrirspurn um störf lögreglunnar í umdæminu ekki fullnægjandi.

Staðsetning lögreglumanna í Húnavatnssýslum og í Skagafirði hefur verið gagnrýnd undanfarið eftir að maður lést í höfninni á Hvammstanga í sumar. Tók það lögreglu hálfu þriðju klukkustund að koma á vettvang. Lögregluádurinn á svæðinu var þá við skotafingur á Sauðárkróki.

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra, segir svörin ekki nægilega góð. „Við fengum svör við sumum spurningum okkar en ekki öllum. Ég mun taka þetta upp á næsta byggðaráðsfundi og óska frekari svara frá lögreglunni.“ – sa

Kenna foreldrum um tafir á byggingu nýs skólahúss

Foreldrar í Vesturbæjarskóla segja að borgin hafi ekki uppfyllt loforð um samráð foreldrafélagsins um hönnun viðbyggingar við skólann. Borgarfulltrúi segir að breytingarnar á teikningunum hafi tekið óþarflega langan tíma. Foreldrar stofnuðu samráðshóp sem var aldrei boðaður á fund með borgaryfirvöldum.

BORGARSTJÓRN Framkvæmdir við viðbyggingu Vesturbæjarskóla hafa tafist um rúmlega ár. Áætlað var að hefja skólalahláð í viðbyggingunni haustið 2017 en nú er ljóst að það hefst aldrei fyrr en haustið 2018.

Hjálmar Sveinsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir að breyta hafi þurft teikningum til að koma til móts við óskir foreldra en það hafi tekið óþarflega langan tíma.

„Ég var lengi formaður foreldrafélagsins og okkur var lofað samráði við hönnun viðbyggingarinnar. Haustið 2014 var stofnaður samráðshópur foreldra til þess að taka þátt í vinnunni. Við vorum hins vegar aldrei kölluð á fund með borgaryfirvöldum. Okkar upplifun var að borgin vildi ekki afskipti foreldra af framkvæmdinni,“ segir Dalla Jóhannsdóttir, foreldri barns í Vesturbæjarskóla.

Síðasta sumar tók Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fyrstu skóflustungurnar að viðbyggingunni. Byggingin mun hýsa hátíðarsal, eldhús og kennslustofur og á að mæta brýnni þörf vegna aukins fjölda nemenda í Vesturbæjarskóla.

Jarðvegsframkvæmdir vegna viðbyggingarinnar hófust í fyrriaugust og við þær misstu nemendur helminginn af útisvæði sínu. Dalla segir að upphaflega hafi átt að nota sumarfríið í fyrria til þess að vinna jarðvegsvinnuna á skólalóðinni. Það hafi ekki tekist og framkvæmdirnar hafist á fyrsta skóladegi í fyrria sem hafði í för með sér að mikil læti voru á skólasvæðinu í nokkrar vikur.

„Teikningin á viðbyggingunni var klár og við buðum út jarðvinnuna til þess að spara tíma. Það sem gerðist svo var að hönnunin var tekin til



Dagur B. Eggertsson tók fyrstu skóflustunguna að nýrri viðbyggingu Vesturbæjarskóla í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þetta er ómurlegt, lóðin er mjög litil og það er lítið sigrúm fyrir börnin á lóðinni.


Dalla Jóhannsdóttir, foreldri barns í Vesturbæjarskóla



endurskoðunar að beiðni foreldrafélagsins sem varð til þess að verkið tafðist. Óskinn um endurskoðun kom ekki upp fyrr en eftir að við vorum byrjuð á jarðvinnunni og það hefði verið sérkennilegt að fara að moka ofan í holuna aftur. Við ákváðum því að halda áfram með verkið,“ segir Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri mannvirkjaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

„Þetta er ómurlegt, lóðin er mjög litil og það er lítið sigrúm fyrir börnin á lóðinni. Við erum mjög hissa á því að ráðist hafi verið í jarðvegsvinnuna strax þegar teikningarnar voru ekki einu sinni tilbúnar,“ segir Dalla.

Áætlað er að bygging viðbyggingarinnar hefjist eftir áramót og taki eitt og hálf ári í smíðum. thorgeirh@frettabladid.is



„Þetta er krassandi frásögn og þeim fullorðna lesanda sem breytist ekki í spennu barn við lesturinn er ekki viðbjargandi. Þessi ævintýralega saga er einfaldlega dýrðleg skemmtun fyrir jafnt unga sem aldna.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / DV





Straumhvörf

Audi A3 e-tron sameinar tvo heima

50 kílómetra drægni á raforkunni einni saman dugar í flestar ferðir en með skilvirkri samþættingu rafdrifs og sparneytinnar bensínvélar er samalögð heildardrægni allt að 940 km.

Audi A3 e-tron tryggir að þú kemst alltaf á áfangastað og nú er hann orðinn enn sportlegri og tæknivæddari en áður.

Verð frá 4.860.000 kr.

5 ára
ábyrgð

HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is



SpaceX skýtur upp gervihnetti

TÆKNI SpaceX, geimkönnunarfyritæki Elon Musk, hefur gert samkomulag við yfirvöld í Bandaríkjunum um að skjóta svokölluðum SWOT-gervihnetti geimvísindastofnunarinnar NASA á loft árið 2021. Gervihnöttinn á að nýta til þess að gera hæðarkort af höfum heimsins.

Þegar hnötturinn er kominn á sporbaug tekur NASA við verkefningu og annast þessa fyrstu kortlagningu sinnar gerðar.

Kostnaður verkefnisins er sagður nærri þrettán milljarðar króna. Skotið verður enn annar liðurinn í vaxandi starfsemi SpaceX en Musk ætlast til þess að fyrirtækið verði drifkraftur í því að mannkynið geti varanlega sest að á Mars og orðið með því fjölplánetna dýrategund. – þea

Svíaar stöðvuðu vopnasmyglara

SVÍÐJÓÐ Bosníumaður, sem sænskir landamæraverðir stöðvuðu við Eyrarsundsbrúna í lok október, hefur verið ákærður fyrir smygl á vopnum og brot gegn útlendingalögum. Bosníumaðurinn var með tvo sjálfvirka riffla falda í leynilegu rými neðan á bíl sínum sem hann ferðaðist í ásamt eiginkonu og tveimur börnum.

Hinum ákærða hafði verið vísað frá Svíþjóð fyrir lífstíð eftir að hann hafði skotið mann til bana í Landskróna 2002.

Hinn ákærði og eiginkona hans viðurkennu að hafa áður komið til Svíþjóðar þrátt fyrir bann við komu þangað. – ibs

Syrgja húsið sitt



Tveir Ísraelar horfa niðurlútir á rústir húss síns á vesturbakka árinna Jórdan. Alls brunnu 45 hús í byggð landtökumanna er nefnist Halamish, nærri Nabi Saleh. Slikar byggðir Ísraela á Vesturbakkanum eru umdeildar og telur Evrópusambandið þær brjóta í bága við alþjóðalög þar sem þær eru reistar á hernámssvæði. NORDICPHOTOS/AFP

Vilja bjóða aðra fjölskyldu velkomna

Fimm manna sýrlensk fjölskylda sem verið hefur á nærri fjögurra ára flóttu í Líbanon gæti flutt til Akureyrar í byrjun næsta árs. Fjölskyldan átti að fara til Hveragerðis eða í Kópavog en tengist annarri fjölskyldu sem þegar er á Akureyri. Málið er enn á frumstigi.

AKUREYRI Áætlað er að fimm manna sýrlensk fjölskylda bættist í hóp flóttamanna á Akureyri á næstu mánuðum. Velferðarráðuneytið hefur biðlað til bæjaryfirvalda að taka aukalega við fjölskyldunni sökum tengsla við eina af sýrlensku fjölskyldunum sem komu til Akureyrar í janúar.

„Við erum nú byrjuð að vinna þessa forvinnu getum við sagt. Við fengum erindi frá Velferðarráðuneytinu um að taka aukalega við einni fjölskyldu og bæjarráð hefur tekið vel í það,“ segir Kristín Sóley Sigursveinsdóttir, verkefnastjóri móttöku flóttafólks hjá Akureyriarbæ.

Kristín Sóley segir að fjölskyldan hafi í fyrstu átt að fara til Kópavogs eða Hveragerðis.

„En vegna fjölskyldutengsla við

eina af okkar fjölskyldum var það sameiginlegur vilji ráðuneytisins og fjölskyldunnar að koma til Akureyrar og við fögnum því.“

Ingibjörg Elín Halldórsdóttir, verkefnastjóri yfir móttöku flóttamanna á Akureyri fyrir Rauða krossinn, segir málið á byrjunarreit en unnið sé að komu fólksins.

„Þetta er enn nokkuð óljóst og málið á frumstigi en auðvitað tókum við vel á móti þeim ef þau koma,“ segir Ingibjörg Elín.

Kristín Sóley segir það geta verið mjög mikilvægt fyrir fjölskylduna að koma til Akureyrar vegna tengsla þeirra þangað.

„Það er bæði styrkur fyrir nýju fjölskylduna að hitta fólk sem talar sama tungumál og þú og ef fjölskyldubönd

eru einnig til staðar er mikilvægt að rækta þau. Þeir flóttamenn sem komu í janúar geta því leiðbeint og hjálpað nýju fjölskyldunni að aðlagast. Því gæti þetta orðið mjög áhugavert.“


Flóttafólkið sem kom í janúar á árinu hafði verið á flóttu í Líbanon í um þrjú ár. Sömu sögu er að segja af þessari fjölskyldu. Hún býr við erfiðar aðstæður og Líbanon getur erfiðlega tekið við öllum þeim einstaklingum sem koma yfir landamærin frá Sýrlandi. Nú er fjórði til fimmti hver íbúi Líbanon Sýrlendingur að uppruna.

„Kerfið er að springa í Líbanon og til marks um það getur skriffinnskan við að fá fjölskylduna frá Líbanon til Íslands tekið allt að þrjú mánuði,“ segir Kristín Sóley.

sveinn@frettabladid.is



Akureyri hefur tekið á móti á þriðja tug flóttamanna frá Sýrlandi á árinu. Hér býður Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri, hóp velkominn í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!

Strefen®

Bólguþandi og **verkjastillandi**
munnsogstafla við særindum í hálsi

Nýtt



Strefen 8,75 mg munnsogstöflur og Strefen Orange 8,75 mg Sukkerfri, munnsogstöflur. Innihalda flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga tímabundið úr særindum í hálsi hjá fullorðnum og börnum eldir en 12 ára. Sjúga skal eina munnsogstöflu rölega og láta leysast upp í munn á 3-6 kist. fresti eftir þörfum, mest 5 töflur á sólarhring. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en í 3 sólarhringa. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun. Leiðið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

CYBERHELGI

25.-28.NÓVEMBER

GILDIR EINGÖNGU Í
NETVERSLUN HAGKAUP.IS

20-50% afsláttur

AF BÓKUM OG PLAYSTATIONLEIKJUM

20% afsláttur

PLAYMOBIL, GARNI OG SNYRTIVÖRU GJAFAKÖSSUM

Tilboðið gildir ekki ofan á aðra afslætti

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

Níu daga þjóðarsorg lýst yfir á Kúbu

Mikil fagnaðarlæti hafa verið á götum úti í Miami alla helgina vegna andláts Fidels Castro. Sorg ríkir hins vegar á Kúbu og víða í ríkjum Suður-Ameríku. Þar reiðast menn fagnaðarlátum Miamibúa.

KÚBA Níu daga þjóðarsorg hefur verið lýst yfir á Kúbu vegna láts Fidels Castro. Aska hans verður grafin í Santiago de Cuba sunnudaginn 4. desember.

Meðan þjóðarsorgin varir verða öll störf lögð niður og engir opinberir viðburðir haldnir, hvorki tónleikar, leiksýningar né íþróttakapp-leikir.

Flaggað verður í hálfra stöng, sala áfengis hefur verið stöðvuð og í útvarpi og sjónvarpi verður boðið upp á „upplýsandi, þjóðhollt og sögulegt efni,“ að því er fram kemur í tilkynningu frá stjórnvöldum.

Skipulagðar hafa verið miklar skruðgöngur til að heiðra byltingarleiðtogann, sem ríkti þar í tæpa fjóra áratugi. Þá verður fjölmenn samkoma haldin í höfuðborginni, Havana, að kvöldi þriðjudags.

Handan hafsins, í Miami í Bandaríkjunum, hafa margir íbúar hins vegar fagnað ákaft láti Castros. Þar hefur áratugum saman búið fjöldi fólks sem flúði frá Kúbu vegna harðstjórnar Castros.

„Það sem þú sérð hérna er fólk sem hefur þjást,“ segir Tomas Regalado, borgarstjóri í Miami, samkvæmt frásögn á fréttavef dagblaðsins The Miami Herald. „En það sem þú sérð hér er líka mikill fjöldi ungs fólks sem fagnar vegna feðra sinna og afa sem Fidel Castro olli tjóni, réðst á og drap.“

Ríkti á Kúbu í tæpa fjóra áratugi

Fidel Castro var þrítugur árið 1956 þegar hann hélt til Kúbu ásamt 80 manna hópi til að gera þar byltingu. Í hópnun voru meðal annarra Raúl bróðir hans, sem nú er forseti Kúbu, og Ernesto „Che“ Guevara.

Premur árum síðar, 1959, tókst þeim að hrekja Fulgencio Batista herforingja og stjórn hans frá völdum.

Batista hafði sjálfur komist til valda á Kúbu með herforingja-byltingu árið 1952, en hann hafði áður ríkt þar í fjögur ár sem lýðræðislega kjörinn forseti frá 1940 til 1944.

Castro ríkti á Kúbu til ársins 2008, í nærri hálfra öld, en þá varð heilsubrestur til þess að hann fékk bróður sinn, Raúl, til að taka við af sér.



Aldraður maður hefur stillt upp ljósmyndum af Castro og fleiri byltingarhetjum í höfuðborginni Havana þar sem hann situr á gangstéttinni í hjólastól sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

2018 hyggst Raúl Castro, bróðir Fidels, segja af sér.

Castro nýtur hins vegar mikilla vinsælda á Kúbu og víða í löndum Suður- og Mið-Ameríku. Þar er hann byltingarhetjan sem stóð uppi

í hárinu á Bandaríkjunum áratugum saman.

Jafnvel þótt lífskjör á Kúbu hafi verið frekar bágborin alla tíð síðan hann gerði byltingu árið 1959, þá virðist almenningur upp til hópa sannfærður um velvilja hans í garð þjóðarinnar.

Castro var níræður þegar hann lést á föstudaginn. Bróðir hans Raúl, sem nú er 85 ára, tók við af honum árið 2006, fyrst til bráðabirgða en formlega árið 2008. Hann hefur tilkynnt að hann ætli að segja af sér árið 2018. gudsteinn@frettabladid.is

KERFISÁÆTLUN LANDSNETS 2016-2025

Innviðirnir okkar

Leiðin að rafvæddri framtíð



Opinn kynningarfundur þriðjudaginn 29. nóvember á Hilton Reykjavík Nordica kl. 09.00-10.30 undir yfirskriftinni **Kerfisáætlun 2016-2025: Innviðirnir okkar – leiðin að rafvæddri framtíð.**



Guðmundur Ingi Ásmundsson



Sverrir Jan Norðfjörð



Auður Magnúsdóttir



Kristján Kristjánsson

DAGSKRÁ

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets setur fundinn

Leiðin að rafvæddri framtíð

Sverrir Jan Norðfjörð, framkvæmdastjóri Próunar- og tæknisviðs Landsnets

Umhverfisáhrif kerfisáætlunar

Auður Magnúsdóttir, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf

Fundarstjóri: Kristján Kristjánsson, fjölmiðlamaður

Boðið upp á léttan morgunverð frá kl. 08.30.

Skráning á www.landsnet.is

Fundurinn verður sendur út í beinni útsendingu á Facebooksíðu Landsnets. Þar verður einnig hægt að senda inn fyrirspurnir og athugasemdir.



Jill Stein hefur fengið stuðning frá Clinton við kröfur sínar um endurtalningu. NORDICPHOTOS/AFP

Clinton vill endurtalningu

BANDARÍKIN Samstarfsfólk Hillary Clintons ætlar að taka þátt í kröfum um að atkvæði verði endurtalin í Wisconsin, sem forsetaframbjóðandi Græningja, Jill Stein, hefur sett fram.

Græningjaflokkurinn hefur safnað milljónum dala til að ná fram endurtalningu í þremur ríkjum, Wisconsin, Michigan og Pennsylvaníu, og hefur formlega krafist endurtalningar í einu þeirra, Wisconsin.

Donald Trump segir þessa afstöðu samstarfsfólks hennar úr kosningabaráttunni vera hræsni eina. Clinton hafi sjálf óskað honum til hamingju með sigurinn. Endurtalning muni engu breyta.

Kröfur um endurtalningu komu upp eftir að hópur sérfræðinga sagði mögulegt að tölvuþrjótur hafi átt við úrslit rafrænna kosninga, þar sem sú aðferð var notuð. –gb

Ný ríkisstjórn í Danmörku

DANMÖRK Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur og leiðtogi Venstre-flokksins, kynnr í dag nýja ríkisstjórn sína.

Í henni sitja ráðherrar frá þremur hægriflokkum, Venstre, Frjálslynda bandalaginu og Íhaldsflokknum, en samlagt eru þessir flokkar með 53 þingmenn af 179. Þeir þurfa áfram stuðning Danska þjóðarflokksins, sem í reynd hefur þar með neitunarvald þegar stjórnin leggur mál fram á þingi.

Nýja stjórnin tekur við af minni-

hlutastjórn Venstre, sem naut stuðnings Frjálslynda bandalagsins, Íhaldsflokksins og Danska þjóðarflokksins.

Stjórnarsáttmáli nýju stjórnarinnar var kynntur í gær. Þar kemur fram að eitt af helstu áherslumálum hennar verður að lækka skatt á hæstu tekjur. –gb



Lars Løkke Rasmussen stækkar minnihlutastjórn sína en þarf áfram stuðning Danska þjóðarflokksins. NORDICPHOTOS/AFP

BÓKHALDSNÁM OG TÆKNINÁM

GERÐU ÞIG AÐ VERÐMÆTARI STARFSMANNI



FRÆÐSLUSKÝIÐ



STAÐKENNSLA

FJARKENNSLA
Í BEINNILÁNSHÆFT
NÁM

GÓÐIR ATVINNUMÖGULEIKAR

FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

– frá byrjendum til sérfræðinga

L Sérlega áhugaverð og gagnleg tveggja anna námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að skapa sér frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. **Mjög margir nemendur okkar hafa hafið störf á nýjum vettvangi eftir námið.**

VIÐFANGSEFNI

Tölvuviðgerðir A+ • Network+ • CCNA • MCSA
• MS Office 365 + Azure • Verkefnadagar*

STÍGÐU ÞÍN FYRSTU SKREF Í TÆKNIHEIMINUM

Námið hentar byrjendum afar vel. Nemendur þurfa ekki að hafa reynslu eða aðra menntun á sviði upplýsingatækni þegar námið hefst.

ALÞJÓÐLEGAR PRÓFGRÁÐUR

Að námi loknu eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er mikilvægt að hafa þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum hvar sem er í heiminum.

ÚRVALSLIÐ KENNARA – LÆRÐU AF ÞEIM BESTU

Allir kennararnir eiga það sameiginlegt að búa yfir gríðarlega mikilli reynslu í upplýsingatækni og hafa þar að auki Microsoft Certified Trainer gráðu frá Microsoft. Enn frekar erum við stolt af því að hafa í kennaraliðinu þá einu tvo sem bera meistaraþráðu frá Microsoft (Microsoft Certified Master) í Active Directory og Messaging.

STERK TENGING VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Námsbrautin er unnin í samvinnu við nokkur af sterkustu tæknifyrirtækjum á íslenska markaðnum og má sem dæmi nefna Nýherja, Opin Kerfi, Advania og Sensa.

Hefst: **25. og 26. janúar 2017** • Lýkur: **Janúar 2018**

*Ath! Einnig hægt að bóka sig á stök námskeið.

AF HVERJU NÁM HJÁ PROMENNT?

- Persónuleg þjónusta og mikil aðstoð við nemendur.
- Náið samstarf við atvinnulífið.
- Mikill hluti nemenda Promennt hefur fengið ný starfstækifæri að loknu námi.
- Nemendur hafa val um staðkennslu og/eða fjarkennslu í beinni ásamt góðum stuðningi með Fræðsluskýinu sem inniheldur upptökur af völdum hlutum námskeiðanna.

PROMENNT • Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

Skráning og nánari upplýsingar á promennt.is

NÁMSKYNNING OG RÁÐGJÖF

TÆKNINÁM

Miðvikudag
30. nóv. kl. 17:30

BÓKHALDSNÁM

Þriðjudag
29. nóv. kl. 18:00

FRAMABRAUT – VIÐURKENNDUR BÓKARI

L Markmiðið með þessari námsbraut er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf til að geta skarað fram úr í bókhaldsvinnu og verði vel undirbúnir fyrir próf til viðurkenningar bókara á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

L Námið skiptist í sex hluta:

- Bókhald – grunnur
- Bókaránám fyrir lengra komna
- Skattskil einstaklinga með rekstur
- Viðurkenndur bókari

Hefst: **1. febrúar** • Lýkur: **20. desember 2017**

STÖK NÁMSKEIÐ

	HEFST	SKIPTI
Bókhald grunnur	1. feb.	22
Bókaránám fyrir lengra komna	1. feb.	24
Navision fjárhagsbókhald fyrir byrjendur	6. mars	9



FJARKENNSLA

Þessar námsbrautir bjóðast bæði í stað- og fjarnámi. Fjarkennslan okkar fer fram í beinni útsendingu sem þýðir einfaldlega að þú getur tekið þátt í kennslustundinni algjörlega óháð staðsetningu. **Nú fá nemendur einnig upptökur af völdum hluta námskeiða með Fræðsluskýinu.**

PROMENNT

Hvað á að gera við fríríkið Liberland?

Liberland er lítið fríríki sem stofnað var á umdeildum bletti á landamærum Serbíu og Króatíu. Stofnandi þess er tékkneski frjálshyggju- maðurinn Vit Jedlicka. Nokkur hundruð þúsund manns hafa sótt um ríkisborgararétt en alþjóðasamfélagið lætur sig engu varða.

Jóhann Óli
Eiðsson
johannoli@frettabladid.is



ERLENT Það gerist reglulega að fram á sjónarsviðið spretta örríki sem flest eiga það sameiginlegt að enginn telur þau marktæk. Venjan er sú að þau hverfi svo til jafn harðan og þau birtast eða í síðasta lagi þegar jarðvist stofnandans lýkur. Þó eru dæmi um nokkur ríki sem lifa ágætis lífi. Nægir í því samhengi að nefna Kristjaníu, Sealand og Seborga.

Í fyrra var ríkið Liberland, sem á hinu ástkæra ylhýra gæti kallast Frjálsland, stofnað á landsvæði við Dóná milli landamæra Króatíu og Serbíu. Löngum hefur staðið deila á milli Króatíu og Serbíu um hvernig skuli skipta landinu við Dóná. Þegar gamla Júgóslavía liðaðist í sundur þurfti að skipta landinu upp á nýtt. Þar á meðal er rúmlega 100 kílómetra löng leið meðfram Dóná.

Króatar hafa gert tilkall til sex svæða á austurbakka árinna en Serbar telja sig ráða yfir þeim svæðum. Á móti hafa Króatar eftirlátið Serbum svæði við vesturbakkann sem Serbar vilja ekki sjá því ef Serbar tækju við svæðinu myndu Króatar líta svo á að tillaga þeirra hefði verið samþykkt. Þeir hafa á móti látið landsvæðið sín megin óafskipt til að fallast ekki á tillögur Serba.

Blautur draumur frjálshyggjumannna

Það var við þessar aðstæður sem grundvöllur skapaðist fyrir stofnun Frjálslands. Í apríl í fyrra fór hinn tékkneski Vit Jedlicka á svæðið, lýsti yfir stofnun Frjálslands og var sjálfur kjörinn forseti af tveimur aðilum sem með voru í för, kærustu sinni og einu vitni. Álitu þau að sökum landamæradeilunnar væri þarna á ferð sjö ferkílómetra, rúmlega þrefalt Sel-tjarnarnes, einskismannsland, terra nullinus, og því stæði ekkert í vegi þeirra að nema þar land líkt og Ingólfr Arnarson nam Ísland forðum. Frjálsland er ekki eina dæmið um örríkið á svæðinu því tvö enn smærri hafa sprottið fram á sjónarsviðið.

Samtímis stofnuninni var send út fréttatilkynning um stofnun Frjálslands. Þar segir meðal annars að „markmið stofnenda ríkisins sé að búa til nýtt ríki þar sem frjálst fólk fær að blómstra án þess að ríkisvaldið stjórni því með óþarfa skattskyldu og reglusetningu“. Í manifestó ríkisins kemur til að mynda fram að það skuli vera herlaust, löggæsla verði í höndum einstaklingsins og engir verði þar skattarnir. Þess í stað

Flest smáríki enda sem lítið annað en grein á Wikipedia. Það er því ekki úr vegi að rifja upp nokkur þau langlífustu og áhugaverðustu. Listinn er ekki tæmandi.



Frjálsland (Liberland)

Flatarmál: 7 km²

Opinber tungumál: Enska og tékkneska (hugmyndir hafa verið uppi um að þegar fólk getur flutt á svæðið muni íbúar ætíð leiða tilbúið tungumál sem enginn hefur hingað til lítið við)

Gjaldmiðill: BitCoin



Asgardia

Asgardia er eitt nýjasta örríkið. Upp á því var stungið í síðasta mánuði af Igor Ashurbeyli en síðan þá hefur rúmlega hálf milljón sótt um ríkisfang. Enn sem komið er er Asgardia aðeins hugmynd því það skortir landsvæði. Markmið örríkisins er að þegar mannkynið hefur að nema land út í hinum stóra geimi þá verði sú nýlenduvæðing friðsæl. Samkeppni um fána ríkisins stendur nú yfir sem og umsókn þess um aðild að Sameinuðu Þjóðunum.

Sealand (Bretland)

Úti fyrir ströndum er mannvirki sem byggt var á tímum heimstyrjaldarinnar síðari og stendur enn. Árið 1967 stofnaði Paddy Roy Bates þar ríki. Það hefur lifað til dagsins í dag og gaf á sínum tíma út um 150 þúsund



frá stofnun en nú ræður Michael, sonur Paddy, þar ríkjum.

vegabréf. Árið 2007 reyndi skráskiptasiðan PirateBay að kaupa ríkið og gera þaðan út til að forðast dómssál í heimaríkinu Svíþjóð. Byggt hefur verið á pallinum

Seborga (Ítalía)

Seborga er 300 manna bær skammt frá Mónakó. Árið 1963 komst maður að nafni Giorgio Carbone, sem hafði lesið yfir sig, að þeirri niðurstöðu að svæðið hefði aldrei orðið partur af



eftirmaður hans kjörinn.

Ítalíu. Íbúar bæjarins tóku undir málflutning hans og árið 1995 samþykktu þeir stjórnarskrá og sögðu sig frá Ítalíu. Carbone ríkti til ársins 2009 en þá var

muni það taka við frjálsum framlögum frá þegnum landsins. Heilbrigðiskerfi, sorphirða, samgöngur, allt verður þetta drifið áfram af einkaframtakinu eða í gegnum hóp-fjármögnun íbúa. Öll bjúrókrasía er fyrirliðin og eyðublið óþörf. Viltu giftast einhverjum? Til hamingju, þið eruð hjón.

Fréttir af stofnun Frjálslands fóru líkt og eldur í sinu um samfélagsmiðla og strax á fyrstu dögum þess höfðu þúsundir sótt um ríkisborgararétt. Allir geta sótt um ríkisfang þar nema nasistar, kommúnistar og fasistar. Umsóknir nema nú tæplega hálfri milljón en aðeins nokkrir tugir þúsunda munu hljóta ríkisfang að lokum. Í ofanálág hafa margir lagt fé í verkefnið. Frá stofnun hafa tæplega 116 þúsund dollarar safnast með frjálsum framlögum í gegnum BitCoin en BitCoin er opinber gjaldmiðill landsins. Þá hefur annað eins safnast í öðrum gjaldmiðlum. Alls nemur það rúmlega 28 milljónum króna miðað við núverandi gengi.

Alls ekkert grin

Því er sjaldnast tekið af mikilli

alvöru þegar einhver furðufuglinn býr til fána, Wikipedia-síðu og lýsir síðan yfir sjálfstæði litillar landspildu þar sem hann sjálfur ræður ríkjum. Frjálsland er engin undantekning þó það njóti einhvern hylli á veraldarvefnum. Alþjóðasamfélagið hefur sýnt stofnun Frjálslands lítinn áhuga og Serbum er nokkuð sama um það.

Jedlicka hefur þó sýnt það á undanföllum mánuðum að honum er full alvara. Frjálsland hefur til að mynda efnt til hugmyndasamkeppni um hvernig skuli byggja á svæðinu þegar þar að kemur. Sú keppni laðaði að tillögur frá mörgum af þekktustu arkitektastofum heims en sigurtillagan stefndi að því að orkuþörf borgarinnar yrði svarað með þörlungum. Að auki hefur fjöldi vegabréfa verið gefinn út fyrir þá sem hlotið hafa ríkisborgararétt.

Króatía er eina ríkið sem stjórnvöld hafa ekki hunsað Frjálsland alfarið. Landamæraverðir vakta svæðið og passa að enginn komist þar inn. Jedlicka var eitt sinn stöðvaður þegar hann reyndi að komast inn á svæðið og stóð til að sekta

hann fyrir verkið. Úr varð dómssál sem var að lokum vísað frá og sektin felld niður þar sem dómstólar töldu sig ekki hafa lögsögu til að dæma í málinu.

Frá stofnun Frjálslands má færa rök fyrir því að Jedlicka hafi það að mörgu leiti ágætt. Sem forseti útöpu anarkófrjálshyggjumanna hefur hann farið í opinberar heimsóknir víðsvegar um veröldina. Honum hefur verið boðið að halda fyrirlestra um tilraunina og hvernig hún hefur á vissan hátt gengið vonum framar. Í fyrirlestrunum hefur honum meðal annars verið tíðrætt um hvernig Frjálsland uppfylli nú nær öll skilyrði sem Montevidéo-sáttmálinn setur til að teljast ríki. Við sáttmálann hefur verið miðað í þjóðarétti en samkvæmt honum þarf ríki varanlegan íbúafjölda, skilgreint landsvæði, stjórnvöld og getu til að stunda samskipti við önnur ríki.

Hvað verður um Frjálsland getur tíminn einn leitt í ljós en Jedlicka, og sendiherrar hans í löndum um veröld alla, munu í það minnsta halda áfram að vinna með hag ríkisins að leiðarljósi.

THERA°PEARL
A NEW DEGREE OF RELIEF™

Jólagjöfin í ár

Thera°Pearl margnota hita- og kælipúðarnir eru hannaðir af læknum. Thera°Pearl eru með ól sem auðveldar meðferð meðan á vinnu eða leik stendur.

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

Opíð mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14



LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

HÖRÐU PAKKARNIR FÁST HJÁ SINDRA



14.821 m/vsk

7.534 m/vsk

7.900 m/vsk



1.990 m/vsk

3.190 m/vsk

5.944 m/vsk



2.970 m/vsk

2.614 m/vsk

5.320 m/vsk



4.712 m/vsk

4.441 m/vsk

8.198 m/vsk



7 SKÚFFUR

283 verkfæri 154.020 m/vsk



TOPPLYKLASETT 94 STK

1/4" 4 - 14 mm
1/2" 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI094R

12.252 m/vsk

Fullt verð 17.502



5 SKÚFFUR

157 verkfæri 119.900 m/vsk



VERKFÆRASETT 96 STK

Toppar 1/4" - 1/2" 4 - 32 mm
Toppar, lykklar, skruvíjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI9601

18.509 m/vsk

Fullt verð 28.476




VERKFÆRASETT 130 STK

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.

vnr IBTGCAI130B

19.900 m/vsk

Fullt verð 29.435



TILBOD

VERKFÆRASETT 151 STK

Toppar 1/4 - 3/8 - 1/2"
Stærðir 4 - 32 mm
Djúpir toppar, bitar og fl.
Sterk plasttaska

vnr IBTGCAI151R

21.657 m/vsk

Fullt verð 30.910



www.sindri.is / sími 575 0000

Víðarhöfða 6 - Reykjavík | Skútuvogi 1 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

365 |  tvÚtgáfa 2.0
Íslensk valmynd
og tímaflakk.ÁSKRIFENDA-
LOTTERÍ 365Allir áskrifendur að
sjónvarpspökkum 365
í nóv. og des. eiga
möguleika á að
vinna glæsilega
vinninga.

Tilboð gildir til 15. desember

MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT

APPLE TV 4 Á 0 KR.

Í þrjátíu ár höfum við verið í fararbroddi við að færa þér gæðafni með nýjustu tækni. Árið 1986 biðu tilvonandi áskrifendur okkar í röðum eftir myndlyklum þegar fyrsti myndlykillinn kom til Íslands. Frá þeim tíma hefur hvergi verið hnikað og hver tæknibreytingin tekið við af annarri. Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir skemmtunarinnar á sem bestan hátt og stígum nú enn eitt skrefið og kynnum **365 sjónvarp á Apple TV**. Meiri hraði, skarpri mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið þér Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365.

Tilboðið gildir með völdum sjónvarpspökkum
365 til 15. desember 2016.
 **VALITOR**
Í samstarfi við Epli og Valitor


FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á 365.IS

365



Satya Nadella, forstjóri Microsoft, kynnr vörur fyrirtækisins. NORDICPHOTOS/AFP

Nýr snjallsími frá Microsoft öflugri en aðrir

Surface Phone frá Microsoft á að verða búinn betri örgjörva og meira vinnsluminni en aðrir snjallsímar.

TÆKNI Surface Phone, snjallsími Microsoft sem búist er við að verði settur í sölu í febrúar á næsta ári, er sagður mun öflugri en vinsælustu snjallsímar samkeppnisaðilanna Apple, Google og álíka öflugur og væntanlegur snjallsími Samsung, Galaxy S8.

Þetta kemur fram í upplýsingum sem lekið var í tæknifréttasíðuna Techradar. Er þar greint frá því að síminn verði búinn Snapdragon 835 örgjörva. Sá er öflugri en Snapdragon 821 örgjörvi Google Pixel og Snapdragon 830 sem búist er við því að verði í Galaxy S8. Örgjörvinn í iPhone 7, Apple A10 Fusion, er álíka öflugur og Snapdragon 835.

Snapdragon 835 er búinn Quick Charge 4.0 búnaði sem gerir eiganda símans kleift að hlaða hann hraðar en aðra síma. Heldur Qualcomm, framleiðandi örgjörvans, því fram að hægt verði að fá hleðslu sem endist í fimm klukkustundur á einungis fimm mínútum.

Hins vegar mun Surface Phone, líkt og Galaxy S8, verða útbúinn sex gígabæta vinnsluminni á meðan iPhone 7 Plus er með þriggja gígabæta vinnsluminni og Pixel fjögurra. iTechpost heldur því fram að tveir útgáfur verði í boði af Surface Phone líkt og hinum símunum og verði ódýrari útgáfan útbúinn fjögurra gígabæta vinnsluminni.

Öflugur örgjörvi og mikið vinnsluminni þýðir að Surface Phone verður einn öflugasti snjallsíminn á markaðnum. Þó er ekki vitað hvort síminn verði með Android stýrikerfi eða snjallsímaút-

» Surface Phone verður útbúinn Snapdragon 835 örgjörva og sex gígabæta vinnsluminni.

» Við erum hætt að herma eftir öðrum og byrjuð að einbeita okkur að því sem neytendur vilja.

Satya Nadella, forstjóri Microsoft

gáfu af Windows 10. Ef hið síðarnefnda reynist rétt gæti orðið erfitt að fá forritara til að gefa út snjallforrit fyrir símann enda markaðurinn minni en fyrir iOS stýrikerfi iPhone og Android sem nærri allir aðrir snjallsímar nota.

Þá er hinn nýi Surface Phone sagður verða með 5,5 tommu snertiskjá, jafnstór og Google Pixel XL og iPhone 7 Plus.

Í viðtali við Australian Financial Review sagði Satya Nadella, forstjóri Microsoft, að Surface Phone yrði hinn fullkomni snjallsími. „Við erum hætt að herma eftir öðrum og byrjuð að einbeita okkur að því sem neytendur vilja,“ sagði Nadella.

Tíminn mun leiða í ljós hvort nýjum Surface Phone verði vel tekið en ljóst er að Microsoft eru að standa sig vel þar sem nýkynntar tölur þeirra, fartólvan Surface Book, og borðtölvan Surface Studio, hafa hlotið mikið lof.

thorgnyr@frettabladid.is

EINGÖNGU Í VEFVERSLUN ELKO Í DAG!



ÞVOTTAVÉLAR	20%	LEIKJASTÓLAR	25%
FRYSTIKISTUR	15%	GPS TÆKI	15%
ELDAVÉLAR	20%	MYNDAVÉLAR	10%
RYKSUGUR	15%	PC FARTÖLVUR	10%
SJÓNVÖRP	15%	ÚTIVISTARMYNDAVÉLAR	10%
HEIMABIÓ	20%	TÖLVUSKJÁIR	10%
HEYRNARTÓL	20%	PRENTARAR	20%
BLUETOOTH HÁTALARAR	20%	NETBÚNAÐUR	15%
HLJÓMTÆKI	20%	MÝS OG LYKLABORÐ	20%
BRAUÐRISTAR	20%	TÖLVUHÁTALARAR	15%

**ÞETTA ER BARA BROT AF TILBOÐUNUM
KÍKTU Á ELKO.IS**

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-VEFVERSLUN



Auður tónlistar á aðventu



Hafliði Helgason
hafli@frettabladid.is

Aðventan hefur smátt og smátt verið að breytast frá því að vera tími streitu, þrífnaðar og áhlaupa við endurbætur á eigin húsnæði yfir í tíma þess að njóta stundarinnar.

Jólaverslun er ennþá stór partur aðventunnar, en fólk nýtur í vaxandi mæli matar, drykkjar og félagsskapar á aðventunni. En lífsnautn aðventunnar snýr ekki einungis að því sem rennur gegnum iður og buddu. Tónlistin skipar æ ríkari sess í aðdraganda jóla.

Sú framþróun sem orðið hefur í íslensku tónlistarlífi síðustu áratugi er ótrúleg. Hvert sem lítið er og í hvaða tónlistarstefnu sem er höfum við séð nýjar kynslóðir koma með öguð vinnubrögð fagmanna.

Tónlistarlíf á Íslandi er ekki einungis borið uppi af vel menntuðum atvinnu tónlistarmönnum. Stór hluti tónlistarlífsins sprettur frá fólki sem stundar aðra atvinnu en æfir og flytur tónlist til að auða anda sinn og annarra.

Fjöldi kóra heldur tónleika á aðventunni og þar má einnig sjá að færni og gæði fara vaxandi. Það er í raun ótrúlegt að ekki stærra samfélag geti boðið upp á jafn fjölbreytt tónlistarlíf og af svo háum gæðaflokki.

Þetta gildir auðvitað um aðra þætti menningarlífsins sem auðgar tilveru okkar á hverjum degi, en kannski verður þessi auður okkar sýnilegastur á þessum árstíma þegar allir virðast geta gengið að tónlistarviðurðum að sínum smekk sem unnir eru af fagmennsku og listrænum metnaði.

Framfarir í íslensku tónlistarlífi komu ekki af sjálfu sér. Þær eru afkastur áratuga óeigingjarns starfs við að skapa grunn fyrir íslenskt tónlistarlíf. Þær eru afkastur eldmóds og trúar á að tónlistin göfgi; geri okkur betri en við annars værum. Þær eru afkastur þess mikla og merkilega starfs sem unnið er á hverjum degi í tónlistarskólum um allt land.

Þetta starf hefur skilað okkur framúrskarandi atvinnufólki í tónlist og fólki sem hefur góða tónlistarmenntun en stundar tónlistina sem áhugamál. Enginn nær árangri í tónlist án þess að stunda hana að kappi og henni fylgir ögun og einbeiting. Eiginleikar sem þroskast í tónlistarnámi skila miklu hvað svo sem fólk tekur sér síðan fyrir hendur.

Tónlistarkennarar vinna merkilegt starf. Þeir hafa verið samningslausir í heilt ár. Það er vond staða og við henni þarf að bregðast. Við eigum mikið undir því að ungt fólk hafi aðgang að fjölbreyttum uppbyggilegum tómstundum. Margsinns hefur verið sýnt fram á það með rannsóknum að ungmennum sem stunda tónlistarnám og annað skapandi tómstundarstarf farnast betur í lífinu.

Ögun í vinnubrögðum, sneringur við fegurð og innihald, ásamt félagsskap skapandi fólks skiptir sköpum um farveg og framtíð ungs fólks. Þess vegna eigum við að búa vel að tónlistarmenntun í landinu.

Halldór



Framfarir í íslensku tónlistarlífi komu ekki af sjálfu sér. Þær eru afkastur áratuga óeigingjarns starfs við að skapa grunn fyrir íslenskt tónlistarlíf. Þær eru afkastur eldmóds og trúar á að tónlistin göfgi; geri okkur betri en við annars værum.

Frá degi til dags

Fjölmíðlar bannaðir

Ef marka má svör þingvarða við fyrirspurnum fréttastofu gerði þingflokkur þá kröfu að Alþingishúsinu yrði lokað fyrir fjölmíðlamönnum á meðan þingflokksfundur þeirra stæði yfir.

Til stóð að senda ljósmyndara á fundinn og fylgjast með upphafi hans. Þingmenn Vindreisnar sögðust hins vegar ekki kannast við kröfuna.

Ekki er til fyrirmyndar að opinberar stofnanir meini fjölmíðlafólki að fylgjast með starfi þeirra og flytja fréttir af. Almennigur á rétt á að fá að skygnast inn í Alþingishúsið enda eru 63 starfsmanna þess kjörnir af almenningi til þess að starfa fyrir almenning.

Öruggar fréttatilkynningar

Svo virðist sem fleiri og fleiri opinberar stofnanir vilji takmarka eftir bestu getu aðgang fjölmíðla að upplýsingum um starfsemi. Þær telja það ef til vill betri kost að fjölmíðlar birta frekar fréttatilkynningar þeirra þar sem þær eru taldar öruggari.

Á dögunum gagnrýndi Landspítalinn til að mynda fjölmíðla fyrir að flytja fréttir af því þegar rjúpnaskytta sem týnst hafði á fjöllum var flutt á spítalann. Slæmt yrði að teljast ef opinberar stofnanir sem og fyrirtæki fengu alfarið að ráða allri umfjöllun. Fréttir sem sýndu glansmyndir slíkra stofnanna hefðu ekki mikið upplýsingagildi.

thorgnyr@frettabladid.is

Konum blæðir



Inga Dóra Pétursdóttir framkvæmdastjóri UN Women

Undir stjórn ISIS mátti aðeins sjást í augun á okkur. Einn daginn þvodi ég þvott uppi á þaki með óhulið andlitið. Vígamadur íslamska ríkisins kom auga á mig. Þeir óðu inn á heimilið og skipuðu okkur að koma út. Þeir hirtu skilríki eiginmanns míns. Mér var skipað að stíga ofan á höfuð eiginmanns míns meðan hann var hýddur. Svo var honum skipað að greiða 50 dollara sekt.

Vinkonur mínar hafa verið herteknar og gert að verða eiginkonur vígamannanna og enn fleirum hefur verið nauðgað. Mig dreymir um að geta snúið aftur til Mosúl og lifa þar í friði,“ segir 19 ára gömul stúlka í flóttamannabúðum í Írak.

Borgin Mosúl í Írak hefur verið höfuðvagi vígamanna ISIS undanfarnin tvö ár. Í október var talið að vígamennirnir héldu að minnta kosti 3.500 kynlífsþrælum. Sameinuðu þjóðirnar telja að í Mosúl hafi verið framinn glæpur gegn mannkyninu en ekki aðeins hafi konur verið beittar gegndarlausu ofbeldi heldur hefur öllum íbúum verið haldið í heljargreipum. Konum í Mosúl hefur verið haldið í algjörrri einangrun. Síma- og netnotkun varðar við dauðasök, ferðafrelsi kvenna er ekkert og raddir kvenna stranglega bannaðar opinberlega.

Nú freista öryggissveitir Íraka að frelsa borgina undan ISIS og þar geysa hörð átök. Um 62 þúsund manns hafa flúið borgina síðastliðinn mánuð í leit að öryggi og frelsi. Hætta er á að ástandið í Mosúl muni ekki batna á næstunni og hræðast margir að íbúa biði sömu örlög og íbúa Aleppo.

UN Women er á svæðinu, í Mosúl og kring og dreifir sæmdarsettum til kvenna á flótta úr borginni. Sæmdarsettin innihalda nauðsynjavörur sem auka öryggi kvenna og gera þeim kleift að halda reisu og sæmd sinni þrátt fyrir skelfilegar aðstæður. Konum blæðir en þú getur hjálpað. Með því að senda sms-ið KONUR í 1900 (1.490 kr) veitir þú konu sæmdarsett sem inniheldur vasaljós, sápu og dömubindi.



UN Women er á svæðinu, í Mosúl og kring og dreifir sæmdarsettum til kvenna á flótta úr borginni.

Dregið föstudaginn
16. desember

3X
Tælandsferð fyrir 2

ÁSKRIFENDA LOTTERÍ 365

FYRSTI VINNINGUR ER ÓTRÚLEG
ÆVINTÝRAFERÐ FYRIR TVÖ TIL TÆLANDS
AÐ HEILDARVERÐMÆTI 658.000 KR.

Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817 og þú ert komin/n í pottinn!

Gildir fyrir alla sjónvarpspakkaáskrifendur í nóvember og desember

Fidel og fólkið

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson
ríthöfundur

Maður hlaut að hrifast af Fidel og hans knáu köppum sem höfðust við í fjöllum. Þeir komu til byggða og ráku af höndum sér þann auma og dáðlausa lýð sem gengið hafði erinda bandarískra auðvaldsrisa og færðu völdin í hendur alþýðunni. Þeir eflðu heilbrigðisþjónustu og læsi – svo að einsdæmi varð í fátæku landi í þriðja heiminum – upprættu vændi og annan ósöma sem dafnað hafði kringum Kanann.

Fidel höttur og hans kátu kappar færðu okkur byltinguna með takti, gerðu hana glaðlega og glóandi. Byltingin varð sexi hjá þeim á Kúbu. Þetta var bylting með mjaðmasveiflum, takti og lit; músik og lífsgleði: eins ólík sem mest mátti vera grámyglukerfinu í Sovétríkjunum og fylgilöndum þeirra, þar sem gamlir karlar héldu tinandi kjúkum um valdatauma sem reyndust vera köngulóarvefir þegar betur var að gáð, og þurfti bara að blása aðeins á til að hyrfu.

Táknmynd 20. aldar

Maður hlaut að hrifast. Fidel Castro var ein af helstu táknmyndum 20. aldarinnar og með andláti hans finnur maður að sú öld er endanlega liðin og gagnslausar þær lausnir sem hún bauð upp á við aðstæðjandi vanda – hvort sem þær eru kenndar við óbeisluð markaðsöflin eða það stífa og alltumþrengjandi ríkisfyrirkomulag á öllum rekstri sem Fidel aðhylltist.

Kommúnisminn brást – en það gerir kapítalismann í sjálfu sér ekkert gáfulegra. Við þurfum alveg nýjar lausnir, nýjan þankagang, nýtt skipulag: annars ferst mannkynið og eftirlætur jörðina kakkalökkunum.

Fidel var stór og ungur, kraftmikill og baðaði út höndunum þegar hann talaði – hann leit út eins og blóðið rynni í æðum hans og hann væri mennskur maður en hefði ekki orðið til í möppu á skrifborði eins og skoðanabráður hans í austurvegi. Hann stóð uppi í hárinu á Bandaríkjunum, helsta herveldi heims sem fór með eldi gegn fátækum og kúguðum þjóðum víða um heim og höfðu stutt einræðisherra í álfunni um árabil; tíkarsynina sína. Og hafði herstöð hér á landi og virtist hafa öll ráð okkar í hendi sér. Ekki hans: Fidel lifði af innrásartilraun og endalaus tilræði, misspaugileg en öll jafn mislukkuð – eitt sinn voru uppi áform um að setja sprengiefni í vindlana hans sem myndu þá springa í andlituð á honum

og hann verða svartur og sviðinn í framan, eins og í skrípó-mynd.

Annað var eftir þessu. Hann slapp alltaf og fór bara og hélt ræðu sem stóð í fjóra klukkutíma – fimm, sex, átta. Í þessum ræðum útskýrði hann fyrir alþýðunni hvað það væri sem hún væri raunverulega að hugsa og hvað hún vildi í raun og veru. Marx-lenínistar lita gjarnan svo á að „alþýðan“ sé einhvers konar lífvera með eina sál fremur en sundurleitt safn ólíkra einstaklinga, og að þeir sjálfir – marx-lenínistarnir – hafi innsýn og skilning í þessa sál umfram aðra, í krafti vísindalegrar þekkingar sinnar á dialektískum drifkröftum sögunnar.

Og sósíalistar um öll vesturlönd ímynduðu sér opinmynta kúbanska alþýðu sem sperrti eyrun eftir hverju orði til að nema viskuna um sig og það hvernig best væri að haga öllum verkum, áður en fólkið þusti til starfa, einbeitt og starfsamt og kátt: nú væri það bara að vinna fyrir sig sjálf en ekki fyrir auðvaldið.

Jean-Paul Sartre fór til Kúbu um miðjan sjöunda áratuginn og skrifaði að því búnu bók um að þar hefði hann fundið nýtt mannkyn – „hinn existensialíska mann“, og loksins eygt einhverja vitglöru í mannlegri tilveru sem honum hafði fram að því virst mörkuð ógleði og angst. Magnús Kjartansson þjóðviljaristjóri fór héðan og skrifaði ámóta fagnaðarrikar lýsingar á sólskins-sósíalismannum; prógressífir húmanistar um allan heim mændu til Kúbu í leit að staðfestingu þess að sameignarfyrirkomulag með einsflokkskerfi og ríkisrekstri á öllum sviðum væri eina vítið.

Hangandi saman á lyginni

Andstæðingar þess fyrirkomulags lögðu líka allt kapp á að sýna fram á að slíkt fyrirkomulag virkaði ekki, aldrei – hvergi. Á Kúbu var sjálf baráttan um framtíðina háð en sjálfur var Fidel keikur og hélt ræðu milli þess sem hann stóð í stórfelldum útflutningi á byltingunni – studdi þjóðfrelshreyfingar víða um lönd. Viðskiptabann Bandaríkjanna á landið lék efnahag þess svo sannarlega grátt, og brátt varð úrsérgenginn bílafloki landsmanna að táknmynd þess hversu úrræðagöð þjóðin væri og þrautseig að láta hlutina ganga. Þessir bílar hingu saman á lyginni. Og brátt fór að koma í ljós að hið sama mátti segja um ýmislegt fleira í þjóðskipulaginu.

Skuggahliðar einræðisins fóru að koma í ljós, hvað sem leið góðu heilbrigðiskerfi og stórfelldu læsi: fangelsanir á þeim sem ekki aðhylltust hinn eina rétta þankagang „alþýðunnar“, skoðanakúgun, vöruskortur sem ekki varð aðeins skrifaður á kostnað viðskiptabannsins, uppdráttarsýki, tvöfalt hagkerfi með tilheyrandi tvískinnungi.

Kapítalisminn er vissulega ómögulegur – en það gerir kommúnismann ekkert gáfulegra.

Skoda Octavia G-Tec Ambition 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur

KJARAKAUP 3.190.000 kr.

Fullt verð: 3.510.000 kr.

Afsláttur

320.000 kr.



KJARAKAUP

Nú er tækifærið að fá sér nýjan bíl!

HEKLA býður einstök kjör á takmörkuðu magni nýrra sýningarbíla, reynsluakstursbíla og valdra bíla frá Volkswagen, Skoda, Mitsubishi og Audi – allir með fimm ára ábyrgð. Nýttu tækifærið og fáðu þér nýjan gæðabíl fyrir jólin!

MMC ASX Intense / 4x4 / Dísil / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 4.490.000 kr.

Fullt verð: 4.990.000 kr.

Afsláttur

500.000 kr.

TAKMARKAÐ
MAGN



Audi A4 B9 Avant 4x4 Sport 2.0 TDI / Dísil / Sjálfskiptur

KJARAKAUP 8.595.000 kr.

Fullt verð: 9.550.000 kr.

Afsláttur

955.000 kr.

NÝIR
BÍLAR



VW Golf Trendline 1.4 TGI / MetanBensín / Beinskiptur

KJARAKAUP 2.890.000 kr.

Fullt verð: 3.190.000 kr.

Afsláttur

300.000 kr.



Skoda Rapid Spaceback Ambition 1.2 TSI / Bensín / Beinsk.

KJARAKAUP 2.450.000 kr.

Fullt verð: 2.890.000 kr.

Afsláttur

440.000 kr.

KOMDU Í
REYNSLU
AKSTUR



VW Amarok Double Cab 2.0 TDI / Dísil / Beinskiptur*

KJARAKAUP 4.990.000 kr.

Fullt verð: 5.840.000 kr.

Afsláttur

850.000 kr.

FYRSTIR KOMA
FYRSTIR
FÁ!



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.

*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup júl.–sep. 2016



Egill Öydvin Hjördísarson rekur upp fagnaðaróp eftir að hafa yfirbugað Pólverjann Pawel Zakrzewski í úrslitabardaganum á EM í MMA í Prag á laugardagskvöldið. MYND/KJARTAN PÁLL/MJÖLNIR.IS

Draumur einn að hitta þennan mann

Íslendingar eignuðust nýjan Evrópumeistara um helgina þegar Egill Öydvin Hjördísarson vann til gullverðlauna í léttþungavigt á Evrópumótinu í MMA í Prag. Egill dróst gegn besta vini sínum í átta-manna úrslitunum og hitti fyrir fornan fjanda í undanúrslitunum.

MMA „Ætli þetta sé ekki besta tilfinningin,“ sagði Egill Öydvin Hjördísarson, nýkrýndi Evrópumeistarin, þegar Fréttablaðið heyrði í honum hljóðið í gær.

Kvöldið áður tryggði Egill sér gullið í léttþungavigtinni á EM í MMA í Prag. Hann varð þar með þriðji Íslendingurinn sem verður Evrópumeistari í greininni. Á EM í fyrra unnu Sunna Rannveig Davíðsdóttir og Bjarki Þór Pálsson bæði til gullverðlauna í sínum flokkum.

Í úrslitabardaganum mætti Egill Pólverjann Pawel Zakrzewski. Egill var með yfirhöndina í bardaganum og kláraði Zakrzewski með hengingu þegar nokkrar sekúndur voru eftir af 2. lotu.

„Við vissum nokkurn veginn hvernig týpa þetta væri, hann er frekar lágvaxinn en breiður og hraustur. Mig grunaði að hann myndi hjóla í mig og reyna að henda mér. Planið var að leyfa honum ekki að taka mig niður heldur halda þessu standandi og þreyta hann. Hann var eiginlega bara búinn á því þegar komið var fram í 2. lotu á meðan ég var frekar ferskur,“ sagði Egill og bætti því við að andlegi undirbúningurinn fyrir bardagann hafi verið meira krefjandi en sá líkamlegi.

„Þetta var strembið. Það eru miklar tilfinningar í hverjum bardaga. Líkaminn var alveg til í þetta en það var erfitt að koma hausnum í gang.“

Egill tók einnig þátt á EM í Englandi í fyrra þar sem hann féll úr leik fyrir Búlgaranum Tencho Karaenev. Draumur Egils var að mæta honum

» Egill, Bjarki Þór Pálsson og Sunna Rannveig Davíðsdóttir hafa öll orðið Evrópumeistarar í MMA.

aftur á EM í ár og honum varð að ósk sinni.

„Mig er búið að dreyma um að hitta þennan mann í eitt ár. Ég veit ekki hversu oft ég er búinn að ímynda mér hvernig ég ætla að vinna hann, hvað ég ætla að gera við hann. Þetta var því líkur léttir, mér leið eins og ég hefði unnið mótið þá. Gullið var eiginlega bara bónus,“ sagði Egill sem kláraði Karaenev með hengingu í 1. lotu. En hver var munurinn frá því í fyrra?

„Mig langaði virkilega til að keppa núna. Það var enginn efi. Ég held að það hafi verið stærsti munurinn,“ sagði Egill sem segist vera betri bardagamaður núna en hann var í fyrra. Hann byrjaði að æfa MMA sumarið 2012 en hafði engan grunn í öðrum bardagaiþróttum.

Egill sigraði Bretann Navid Rostaie í 16-manna úrslitunum en í átta-manna úrslitunum kom upp sérkennileg staða. Þar dróst Egill nefnilega gegn landa sínum, herbergisfélagi og vini, Bjarna Kristjánssyni. Mistök í skráningu urðu þess valdandi að þessi staða kom upp.

„Við vorum pirraðir þegar við mættum og sáum hvernig var dregið, því það var búið að lofa okkur að þetta myndi ekki gerast. Við hefðum aldrei báðir skráð okkur í flokkinn ef við hefðum vitað að þetta væri



Egill sigurreifur með gullverðlaunapeninginn um hálsinn og skrýddur íslenska fánanum. MYND/KJARTAN PÁLL/MJÖLNIR.IS

möguleiki,“ sagði Egill og bætti því við að mótshaldarar hefðu viðurkennt mistök sín.

Egill og Bjarni börðust ekki heldur var málið leyst með því að sá síðarnefndi gaf bardagann. Bjarni fékk því engan bardaga á mótinu.

„Hann var eitthvað tæpur og átti erfitt með að sofa vegna verkja í öxlinni og var með brákað rifbein,“ sagði Egill um ástæðu þess að Bjarni ákvað að gefa bardagann.

„Þetta var mjög pirrandi. Ég hefði alveg verið til í að fara á móti honum í úrslitabardaga. Það er allt öðruvísi, þá erum við báðir sigurvegarar úr sama liðinu. En fyrir bardaga inni í miðri þvögunni fannst okkur þetta ekki þess virði,“ sagði Egill.

Egill vonast til að Evrópumeistararitillinn opni fleiri dyr fyrir hann í MMA-heiminum.

„Þetta veitir manni gríðarlegan innblástur. Ég er núna að skoða

hvort það sé ekki hægt að gera feril úr þessu, hvort ég geti ekki minnkað við mig á öðrum sviðum,“ sagði Egill sem er upptekinn maður. Hann er í fullri vinnu hjá Lögreglunni og í fullu námi í Lögregluskólanum, auk þess sem hann æfir a.m.k. tvo og hálfan tíma á dag. Þá er hans fyrsta barn væntanlegt í heiminn.

„Það er nóg að gera en maður býr bara til tíma,“ sagði Evrópumeistarin Egill að lokum. ingvithor@365.is



Enska úrvalsdeildin

Úrslit 13. umferðar 2016-17

Burnley - Man. City 1-2

Dean Marney - Sergio Agüero 2.

Hull - West Brom 1-1

Michael Dawson - Gareth McAuley.

Leicester - M'brough 2-2

Riyad Mahrez, Islam Slimani - Álvaro Negredo 2.

Liverpool - Sunderland 2-0

Divock Origi, James Milner.

Swansea - C. Palace 5-4

Leroy Fer 2, Fernando Llorente 2, Gylfi Þór Sigurðsson - Wilfried Zaha, James Tomkins, Cristian Benteke, sjálfsmark.

Chelsea - Tottenham 2-1

Pedro Rodríguez, Victor Moses - Christian Eriksen.

Watford - Stoke 0-1

Sjálfsmark.

Arsenal - Bournemouth 3-1

Alexis Sánchez 2, Theo Walcott - Callum Wilson.

Man. Utd. - West Ham 1-1

Zlatan Ibrahimovic - Diafra Sakho.

S'ton - Everton 1-0

Charlie Austin.

Staðan

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	S
Chelsea	13	10	1	2	29-10	31
Liverpool	13	9	3	1	32-14	30
Man. City	13	9	3	1	29-12	30
Arsenal	13	8	4	1	28-13	28
Tottenham	13	6	6	1	19-10	24
Man. Utd.	13	5	5	3	18-15	20
Everton	13	5	4	4	16-15	19
Watford	13	5	3	5	17-21	18
WBA	13	4	5	4	17-16	17
S'oton	13	4	3	4	13-12	17
Stoke	13	4	4	5	13-12	16
B'mouth	13	4	3	6	15-19	15
Burnley	13	4	2	7	12-21	14
Leicester	13	3	4	6	16-22	13
M'brough	13	2	6	5	12-15	12
West Ham	13	3	3	7	14-24	12
C. Palace	13	3	2	8	21-26	11
Hull	13	3	2	8	11-28	11
Swansea	13	2	3	8	16-26	9
Swansea	13	2	2	9	12-23	8

Okkar menn

Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi

Swansea City

Gylfi Þór Sigurðsson

Lék allan leikinn og kom að öllum fimm mörkum Swansea í ævintýrlegum 5-4 sigri á Crystal Palace. Skoraði eitt sjálfur.



Burnley

Jóhann Berg Guðm.

Var í byrjunarliði Burnley þegar liðið tapaði 1-2 fyrir Man City á heimavelli. Fór meiddur af velli á 43. mínútu.



Cardiff City

Aron Einar Gunnarsson

Lék allan leikinn og lagði upp mark Cardiff í 3-1 tapi fyrir Aston Villa á Villa Park.



Wolverhampton Wanderers

Jón Daði Böðvarsson

Lék fyrstu 76 mínúturnar þegar Wolves tapaði enn einum leiknum.



Fulham

Ragnar Sigurðsson

Var á sínum stað í vörn Fulham sem laut í gras fyrir Brighton á útivelli.



Bristol City

Hörður B. Magnússon

Stóð vaktina í miðri vörn Bristol City sem tapaði 2-1 fyrir Reading.



Victor Moses var gleymdur og grafinn í upphafi tímabils en er nú ómissandi hluti af toppliði Chelsea. Hann var frábær í stórleik helgarinnar og tryggði Chelsea afar mikilvægan sigur.

Moses loksins kominn til fyrirhe

Nígíeríumaðurinn Victor Moses hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga undir stjórn hins litríka stjóra Chelsea. Chelsea hefur liðið unnið sjö deildarleiki í röð og situr nú á toppi ensku úrvalsdeildarinnar. Moses blómstrar sem

FÓTBOLTI Hinn 25 ára gamli Victor Moses skaut Chelsea á topp ensku Úrvalsdeildarinnar um helgina þegar hann skoraði sigurmarkið í stórleik helgarinnar gegn Tottenham. Fátt virðist geta stoppað sigurgöngu Chelsea sem hófst þegar Antonio Conte skipti yfir í 3-4-3. Þar leikur Moses lykilhlutverk sem hægri vængbakvörður. Hann vakti snemma athygli en líkt og margir knattspyrnumenn sem ganga til liðs við stórlíð á unga aldri hefur hann átt erfitt uppdráttar. Þangað til nú.

Afdrifarikt klúður

Moses var ein af vonarstjörnum enska boltans þegar hann kom fram á sjónarsviðið hjá Crystal Palace árið 2007, aðeins 16 ára gamall. Margir leikmenn á hans aldri brenna sig á því að ganga of snemma til liðs við stóru félögin þar sem þeir verða undir í samkeppni við dýrari og hæfileikaríkari leikmenn. Moses virtist því stiga rétt skref þegar hann gekk til liðs við Wigan árið 2010. Þar fékk hann sín fyrstu tækifæri í Úrvalsdeildinni og nýtti þau vel, svo vel að árið 2012 keypti Chelsea hann eftir mikinn eltingarleik.

Fyrsta tímabilið gekk vel en eftir að José Mourinho tók við Chelsea 2013 var Moses sendur á láni til Liverpool, Stoke og West Ham án árangurs. Var hann helst þekktur fyrir að vera maðurinn sem mistókst að tryggja Liverpool sigurinn á lokamínútunum í afdrifaríku 3-3 jafntefli liðsins gegn Crystal Palace

Stóru málin

eftir helgina í enska boltanum

Stærstu úrslitin

2-1 sigur Chelsea á Tottenham lyfti liðinu í toppsæti deildarinnar. Fyrir leikinn var Tottenham eina taplaus lið deildarinnar og það sem fæst mörk hafði fengið á sig. En Chelsea-menn sýndu mikla seiglu og höfðu sigur.



Hvað kom á óvart?

Bastian Schweinsteiger sneri aftur í leikmannahóp Manchester United um helgina í fyrsta sinn frá því í mars. Bekkjarseta hans í 1-1 jafntefli liðsins við West ham kom á óvart en José Mourinho sagði við upphaf tímabilsins að framtíð Þjóðverjans knáa hjá United væri engin.



Mestu vonbrigðin

Óttast er að Philippe Coutinho verði lengi frá eftir ökkameiðslu í leiknum gegn Sunderland. Hann hefur verið prímusmótorinn í afar skemmtilegum sóknarleik Liverpool og einn besti leikmaður tímabilsins. Erfitt verður fyrir Liverpool að fylla skarð hans.



Leikmaður helgarinnar

„Sigurðsson er allt í öllu, eins og alltaf,“ sagði lýsandi Match of the Day á BBC um helgina er hann lýsti ótrúlegum leik Swansea og Crystal Palace á laugardaginn. Leikar fóru 5-4 í dramatiskasta leik tímabilsins til þessa þar sem Gylfi Sigurðsson átti þátt í öllum fimm mörkum Swansea. Eftir að Palace komst yfir í upphafi leiks jafnaði Gylfi með stórkostlegu marki beint úr aukaspyrnu. Swansea átti eftir að skora fjögur mörk í viðbót og komu þau öll eftir undirbúning frá Gylfa. Swansea er í bullandi botnbaráttu og voru stigin þrjú um helgina



afar kærkomin. Mikilvægi Gylfa undirstrikast í því að hann hefur nú annaðhvort skorað eða lagt upp átta af sextán mörkum liðsins í deildinni. Sé horft yfir lengra tímabil hefur hann komið að rúmlega þriðjungi allra marka Swansea í Úrvalsdeildinni frá því að hann gekk til liðs við liðið á nýjan leik. Líkt og hann sýndi um helgina gerist fátt í sóknarleik liðsins án hans og er hann langmikilvægasti leikmaður liðsins. Stóra spurningin er hins vegar þessi, hvenær þarf stórlaxinn að komast í stærri tjörn?

sem margir telja að hafa kostað Liverpool titilinn árið 2014.

Gleymdur og grafinn

Það var því allt eins líklegt að Moses myndi hverfa í eilífðina sem einn af þessum ungu leikmönnum sem lofa góðu en lítið verður úr. Fátt gaf til kynna að það myndi breytast með komu Antonio Conte til Chelsea en í fyrstu fimm leikjum tímabilsins fékk Moses afar takmarkaðan spilatíma. Eftir að liðið brotlenti illa gegn Liverpool og Arsenal í upphafi tímabils þurfti Conte hins vegar að bregðast við til að snúa genginu við.

Svar hans var að leita aftur á náðir 3-4-3 leikkerfisins sem Conte nýtti óspart með Juventus og Ítalíu. Þar kom Moses inn í hægri vængbakvarðarstöðuna. Það er ekki fyrir hvern sem er að leysa slíka stöðu enda þarf á hinn sami að vera í gríðarlegu formi til þess að geta sinnt varnar- og sóknarhlutverkinu sem fylgir því að sjá einn um annan kantinn. Moses virðist smellpassa í þetta hlutverk.

Sem sóknarsinnaður kantmaður að upplagi nýttast kraftar hans vel á fram á við. Sigurmarkið gegn Tottenham var fjórða mark hans á

ENDINGARGÓÐAR JÓLASERÍUR

Pfaff kynnr Hjá Pfaff fást jólaseríur til nota utanhúss sem þola íslenska veðráttu. Seríurnar eru sérstaklega endingargóðar og eyða litlu rafmagni. Pfaff býður einnig upp á mikið af jólaskreytingum og hafa gluggaskreytingar verið vinsælar.

Frá árinu 2002 hefur Einar Sveinn Magnússon, verslunarstjóri Pfaff, látið skreyta stórt tré sem stendur fyrir utan verslunina með seríum sem fást í Pfaff. „Þegar ég byrjaði hérna fyrir fjórtán árum þá vorum við að nota seríur sem eru mjög góðar, samtengjanlegar 230 vatta seríur, en vorum samt að eyða um sextíu þúsund krónum í rafmagn í þetta eina tré sem við látum vera kveikt á í um þrjú og hálfan mánuð. Með nýju seríunum sem við notum í dag og líta eins út erum við að eyða um 6.700 krónum í rafmagn fyrir sama tíma. Þessar nýju díóðuseríur sem eru komnar á markað eru flestar með straumbreyti og eyða mjög litlu rafmagni,“ lýsir Einar.

EINFALT AÐ VERA FLOTTUST

Seríurnar sem eru á trénu í dag eru sérstakar og eru hluti af samtengjanlegu seríuakerfi. Þær henta fyrir heimili jafnt og fyrirtæki og stofnanir. „Þetta eru sterkar útiseríur sem er hægt að skilja eftir í trján- um á milli ára. Serían í trénu okkar hefur verið þar síðastliðin fjögur ár. Það eru rúmar sexþúsund perur í því og það er alveg tveggja manna dagsverk að skreyta það. Það skiptir því máli að skreyta tréð með seríum sem ekki þarf að taka niður. Við bara kveikjum og slökkuvum að vild þannig að það er lágmarksvinna við að vera flottastur í hverfinu,“ segir Einar léttur í bragði.

Þannig nýtist serían lengur, fólk hefur kveikt á henni í lengri tíma og lýsir þannig upp skammdegið. „Þar sem serían þolir að vera úti allt árið getur líka verið skemmtilegt að setja hana í gang þegar það eru afmæli eða einhver önnur tilefni. Það er þó auðvitað hægt að taka seríuna niður ef fólk vill,“ segir Einar.

Þegar kemur að því að velja jólaseríur, sem fyrir flestum líta allar eins út í búðinni, segir Einar að gott sé að hafa það í huga að lykkillinn að því að seríurnar þoli íslenskar aðstæður sé að allar tengingar hennar séu úr gúmmí en ekki hörðu plasti. „Það sem gerist með hörðu plasti í íslensku slagveðri er að það lekur vatn inn í seríuna og skemmir hana. Það eru ekki mörg ár síðan seríur

Fallega tréð sem stendur fyrir utan Pfaff. Seríurnar sem tréð er skreytt með hafa verið á því í fjögur ár og svo er einfaldlega slökkt og kveikt á þeim eins og hentar.



Einar Sveinn Magnússon, verslunarstjóri hjá Pfaff. MYND/STEFAN

” Þetta eru sterkar útiseríur sem er hægt að skilja eftir í trján- um á milli ára. Serían í trénu okkar hefur verið þar síðastliðin fjögur ár.

Einar Sveinn Magnússon

voru þannig, og margir kannast við vandamálið, að þegar við vorum nýbúin að setja þær upp í tréð og vorum varla komin inn að hlýja okkur að við litum út og sáum að það var slökkt á trénu. Það er nefni-

lega af og frá að allir framleiðendur útisería séu með vörur sem þola íslenska vetrarveðrið.“

HVÍTT OG RÓMÓ INNI

Einar segir að vissulega séu tísku- sveiflur í jólaskreytingum eins og öðru. Fyrir nokkrum árum voru allar seríur í rauðum lit, svo urðu þær mislitar en í ár eru þær í hvítum litum eins og í fyrra. Auk þess hafa seríur sem eru með nokkrum blikkandi perum verið vinsælar að undanfögnu. „Tréð okkar hér fyrir utan er með þannig seríu, þetta er ekki blikksería heldur blikkar fimmta hver þessa aðeins og lætur þannig líta út fyrir að tréð sé lifandi. Annars vilja flestir hvítar

seríur í ár eins og í fyrra. Síðustu jól voru það frekar kaldir, hvítir litir en nú vill fólk kósíheit og heitari hvíta liti. Þetta helst í hendur við tískuna almennt, núna er þessi rómó lýsing inn og fólk vill hafa hana inni á heimilum sínum og það endurspeglast líka í jólaseríunum, hvort heldur sem er inni eða úti.“

Pfaff býður einnig upp á mikið af jólaskrauti auk seríanna. „Gluggaskreytingar hafa verið mjög vinsælar hjá okkur undanfarið. Við erum með alls kyns stjörnur og fleira og meðal annars gamaldags koparstjörnur sem eru komnar aftur í tísku. Þær voru seldar í bílför- um á árum áður og eru nú að koma aftur,“ segir Einar.

MIKIÐ ÚRVAL FALLEGRA LEGSTEINA Á MJÖG GÓÐU VERÐI

GETUM ENN AFGREITT LEGSTEINA FYRIR JÓL FYLGIHLUTIR FYLGJA EKKI MEÐ



NR. 2042
VERÐ KR. 178.900

ÁLETRUN OG
UPPSETNING
ERU INNIFALIN
Í OKKAR VERÐUM

AKSTURSGJALD
BÆTIST VIÐ UTAN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



NR. 2046
VERÐ KR. 251.900



NR. 2021
VERÐ KR. 294.900

Graníthöllin
Legsteinar

BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS



2015
BRYGGJAN BRUGGHÚS
 bistro & brewery
 REYKJAVÍK



Klassísk hilla úr eik gengur í öllum herbergjum íbúðarinnar. Þær geta hangið stakar eða margar saman. MYND/VILHELM

SPENNANDI TÍMAR FRAM UNÐAN

Hjónin Ágústa og Gústav, sem mynda saman AGUSTAV, hafa búið og starfað í þremur löndum. Í dag kemur nýjasta vara þeirra á markað sem er kollur með handformaðri setu en engar tvær setur verða eins.

Hjónin Ágústa Magnúsdóttir og Gústav Jóhannsson stofnuðu saman hönnunar- og framleiðslufyrirtækið AGUSTAV árið 2011. Fyrirtækið var stofnað í Danmörku, flutti sig um set til Ítalíu í skamman tíma en undanfarin tvö ár hafa hjónin búið og starfað á Íslandi.

Áð sögn Ágústu eru þau hjónin því með nokkuð þéttan viðskiptavef erlendis og eru þau að feta sig áfram með fyrirtækið hér á landi. „Við höfum átt mjög „organískan“ vöxt á þessum fimm árum. Flutningurinn heim hefur leyft okkur að skjóta örlítið dýpri rótum sem hefur haft í för með sér hönnun og framleiðslu á fleiri og stærri húsgögnum en áður.“

Þau tóku nýlega þátt í alþjóðlegri hönnunarrátt í Dubai ásamt tveimur öðrum íslenskum hönnunarframtækjum, NorthLimited og 1+1 en Hönnunarmiðstöðin hafði milligöngu um þátttöku þeirra. „Þetta var stórkostleg upplifun sem við munum búa lengi að en þar fengu íslensku vörurnar heilmikla athygli. Við fundum fyrir miklum áhuga á bæði hönnun, framleiðslunni og landinu sjálfu,“ segir Gústav.

NÝR KOLLUR Í DAG

Nýjustu vörur þeirra eru kollur sem var frumsýndur í Dubai og skemmtilegar hillur sem passa í öll herbergi íbúðarinnar. Á Hönnunarmars fyrr á árinu sýndu þau hægindastól og sófa en Ágústa segir hægindastólinn vera eina af eftirsóttustu vörum þeirra hér á landi. „Það fylgir svo mikil ánægja að sjá hvern stól verða til. Að fylgja ferlinu, frá því að einstaklingur kemur til okkar, velur sér áklæði,



Hjónin Gústav Jóhannsson og Ágústa Magnúsdóttir mynda AGUSTAV. MYND/VILHELM

vinnan okkar varðandi viðinn og meðhöndlun, bólstrunin með áklæðinu sem varð fyrir valinu og allt þar til hann verður tilbúinn inn á heimilið. Þeir eru svo skemmtilega persónulegir þar sem við erum með yfir 50 liti af ullaráklæði sem hægt er að velja úr auk þess sem við bjóðum upp á leður líka.“

Nýlega hófu þau sölu á hillum sem þau kalla Klassísku hilluna. „Þetta eru stílhreinar og fágáðar hillur sem passa inn í hvaða herbergi heimilisins sem er. Þær geta staðið einar á vegg eða margar saman og myndað þannig hillueiningu. Við vorum orðin svolítið þreytt á hansahillunum heima og langaði í tilbreytingu. Hillurnar spruttu út frá þeirri þörf.“

Í dag mánudag kemur svo nýjasta vara þeirra, kollurinn, á markað. „Hann er með handformaðri setu en engar tvær setur verða eins þar sem viður-

inn fær að ráða lokaformi hennar. Fæturnir eru úr svörtu stáli og setan fæst í eik og hnotu. Hægt er að skoða hann betur, og aðrar vörur okkar á vefnum okkar www.agustav.is.“

BJARTSÝN Á FRAMHALDIÐ

Fram undan eru nokkur spennandi verkefni fyrir nokkur fyrirtæki hérlendis auk hefðbundinnar sölu gegnum vefinn sem þarf að sinna. „Við stefnum á að taka aftur þátt í Hönnunarmars á næsta ári og sjáum svo til hvert stefnan verður tekin eftir það. Nú erum við búin að fá nasapefinn af sýningum erlendis sem plantaði fræi hjá okkur sem fær vonandi að vaxa og dafna á næstu árum með fleiri sýningum erlendis og því sem þeim tilheyrir.“


Þau eru bjartsýn á möguleika íslenskrar hönnunar erlendis, ekki síst vegna aukins áhuga á landinu. „Það verður sífellt auðveldara að mæta og segjast vera frá Íslandi en það er stutt síðan það var ekki sérlega eftirsóknarverður stimpill að vera Íslendingur. Þetta hefur breyst mikið á stuttum tíma sem hefur opnað dyr fyrir íslenska hönnuði eins og eflaust marga aðra.“



Hraðréttur dagsins í hádeginu alla virka daga 1.690.- kr



Sunnudjass alla sunnudaga kl 20.00
 Heimsklassa Djass með frábærum tónlistarmönnum í bruggsalnum okkar.
 Allir velkomnir - enginn aðgangseyrir



Pappírshjálmur hlýtur verðlaun

Endurnýtanlegur, samanfellaður hjálmur hlaut nýverið James Dyson verðlaunin. Það var Isis Shiffer, nemandi við skólann Pratt Institute of Design í New York sem hannaði hjálminn sem hún kallar EcoHelmet. Hjálmurinn er búinn til úr mörgum lögum af endurunnum pappír sem mótaður er í hjálm-laga form.

Til að gera hjálminn vatnsheldan var hann þakinn náttúrulegum efnum sem brotna niður í náttúrunni. Hjálmurinn hefur verið prófaður og stenst evrópskar öryggisreglugerðir. Eitt af því sem gerir hjálminn afar hentugan, er að þegar hann er tekinn af höfðinu má leggja hann saman og stinga honum ofan í tösku. Shiffer þótti mikilvægt að búa til hjálminn úr ódýru efni þannig að hann myndi ekki kosta mikið í framleiðslu eða út úr búð. Hún vonast til að geta komið honum í framleiðslu og sölu fljótlega. Hugmyndin er að selja hann við hjólastöðvar þar sem má fá lánuð hjól.



Heimagert dagatal

Enn eru þrjú dagar til stefnu til að útbúa skemmtilegt jóladagatal. Það þarf alls ekki að vera flókið né dýrt. Grunnurinn gæti einfaldlega verið snæri sem strengt er milli tveggja pósta eins og þvottasnúra, sem svo má hengja á litla poka eða umslög með þvottaklemmum. Þrýstistöng gerir sama gagn og eru hangandi þokar eða þakkar ljómandi fallegt skraut í glugganum.

Eins mátti hlaupa út í garð, kippa inn birkihríslu og stinga í vasa. Hengja svo á greinarnar lítil kramarhús úr pappír sem eina kvöldstund tekur að fönndra, eða litla nammipoka úr pappír. Sígrænt greni er auðvitað klassískt og gefur líka viðeigandi ilm í húsið.

Með einni ferð í fönndurbúð má verða sér úti um filt í jólalegum litum og setjast niður með nál og þráð og sauma fallega jólapoka eða vasa. Skemmtilegt gæti verið að sauma litla inniskó úr filti og hengja á grein og lauma svo í þá góðgæti fyrir hvern dag fram að jólum.

ÓMÓTSTÆÐILEGAR SÚKKULAÐIMÖNDLUR

Súkkulaðiúðaðar möndlur eru ómótstæðilegar og því sem næst hollar. Með því að nota dökkt súkkulaði og sleppa sykrinum er hægt að slá því föstu.

100 g dökkt súkkulaði (70 prósent eða meira)
100 g möndlur með hýði
Sjávarsalt
Hrásykur (má sleppa)

Bræðið súkkulaði yfir vatnsbaði og hellið yfir möndlurnar. Hræðið þannig að allar möndlurnar verði þaktar súkkulaði. Dreifið þeim á smjörpappírörk. Það er ýmist hægt að hafa þær stakar eða nokkrar saman í hnapp. Sáldrið sjávarsalti og hrásykri yfir. Magn fer eftir smekk. Sumum dugar sætan í súkkulaðinu og finnst hrásykrinum ofaukið. Látið storkna. Setjið í box og geymið í kæli.



CYBER MONDAY

COMPUTER.IS

Tilboð gilda EINUNGIS mánudaginn 28.11.16 í VERSLUN og á NETINU

Snjallsímalinsur 3 in 1

Macro, Wide, FishEye
Smellist á hvaða snjallsíma sem er
Ekkert app!



-50%

NÚ: 1.745 áður: 3.490

Minnislykill 32GB USB3



-50%

NÚ: 1.495 áður: 2.990

Lenovo 15" i7 1TB SSHD

FullHD skjár
8GB minni
1TB SSHD
Intel i7



-20%

NÚ: 119.920 áður: 149.900

Bluetooth hátalari

10 klst rafhlaða



-70%

NÚ: 1.197 áður: 3.990

Flakkari 2TB USB3



-20%

NÚ: 12.792 áður: 15.990

Leikjamús USB



-30%

NÚ: 4.193 áður: 5.990

Asus 24" HDMI,DVI,VGA



-30%

NÚ: 20.993 áður: 29.990


Crucial 240GB SSD



-20%

NÚ: 10.392 áður: 12.990

Raspberry Pi 2



-50%

NÚ: 3.995 áður: 7.990

64GB Micro SD kort



-50%

NÚ: 3.495 áður: 6.990

Filmuskanni 5MP

Minningarnar á stafrænt form!



-20%

NÚ: 11.192 áður: 13.990

Asus Transformer 10"

32GB SSD
2GB minni
Windows 10
8 klst rafhl.



-20%

NÚ: 31.920 áður: 39.900

Hátalarar 2.1 14W

Passar við tölvur, síma o.fl.



-20%

NÚ: 5.592 áður: 6.990

Western Digital 3TB

WD Blue 3TB
SATA3 tengi



-20%

NÚ: 14.320 áður: 17.900

THONET&VANDER OG LOGITECH



-20%

EDIMAX NETBÚNAÐUR OG ICYBOX VÖRUR



-30%

ALLIR KAPLAR



-50%

ALLAR AÐRAR VÖRUR Í BÚÐINI OG Á NETINU



-10%

ÞETTA ER BARA SÝNISHORN AF TILBOÐUM KÍKTU VIÐ - ALLAR VÖRUR Á AFSLÆTTI

Skipholt 50c - Sími 582 6000 - www.computer.is

*hámark 2 stk pr vöru á mann.
Gildir 28.11.16 meðan birgðir endast

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða-opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:



HOPPA MEÐAN DEGIÐ HEFAST

Vánocka-fléttubrauð er bakað á jólum í Tékklandi og í Slóvakíu. Sagan segir að það sé kúnt að baka brauðið og ýmis hjátrú fylgir bakstrinum.

Ýmiss konar hjátrúarfullar venjur fylgja því að baka vánocka fléttubrauð á jólum. Við baksturinn á meðal annars að hugsa um þá sem standa manni næst. Eins ætti ekki að snerta brauðið með silfri eða öðrum málmum og þá á sá sem bakar brauðið að hoppa upp og niður á meðan deigið er að hefast. Eftirfarandi uppskrift er fengin af bloggsíðunni thekichn.com.

lyfta sér í tvo tíma á hlýjum stað. Hvolfið deiginu á borðið, mótið þykkann ferhyrning skerið í ræmur og fléttið saman. Oft eru fjórar ræmur fléttadar í botn, þá þrjár ræmur í fléttu ofan á það og svo tvær ræmur snúnar saman og lagðar efst á brauðið. Látið lyfta sér undir röku stykki í um klukkustund.

Bakið við 175 gráður í 30 mínútur. Lækkið þá hitann niður í 120 gráður og bakið í 30 til 45 mínútur. www.thekichn.com

Vánocka

- 4 ½ tsk. þurrger
- 1 bolli sykurl
- ½ bolli rjómi
- 8 bollar hveiti
- 1 bolli mjúkt smjör
- Rifinn börkur af 1 sítrónu
- 1 msk. salt
- 1 tsk. múskat
- 2 stór egg
- 2 eggjarauður
- 2 bollar nýmjólk, hituð
- 1 bolli saxaðar möndlur
- 1 bolli gular rúsínur

Blandið geri, sykri og rjóma í skál og látið standa í nokkrar mínútur eða þar til loftbólur fara að myndast. Í annarri skál er hveiti blandað við mjúkt smjör með fingrunum, bætið sítrónuberki við og blandið með fingrum. Bætið salti og múskaði við.

Bætið eggjum, eggjarauðum, restinni af sykrunum og mjólk út í gerblönduna og hrærið. Blandið hveitiblöndunni út í, þá möndlunum og rúsínunum. Hnóðið í 7 til 8 mínútur á borði eða í 5 mínútur í vél. Látið deigið

**AVIS**

Bílaleiga

Toyota Selfossi
Fosnesi 14, 800 Selfoss
Sími 480 8000

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 105 Reykjavík
Sími 510 4900

Bílasala Reykjavíkur
Bíldshöfða 10, 110 Reykjavík
Sími 587 8888

*Tax free álsáttur og 1 árs ábyrgð gildir eingöngu um Avis bíla

Nánari upplýsingar hjá eftirtöldum aðilum:

Nú er allt á hvolfi hjá okkuri!
Fáðu nýlegan bíl á fátánlega góðu verði! Fjölbreytt úrval af bílum í boði!

**pei**

Á Pei.is!
Kynntu þér kostna
dreifing til 36 mánaða.
greiðsluseðlán og
Allt að 1.500.000 kr.

Allt að 100% fjármögnun



Avis bílar
til sölu!
TAX FREE
af öllum
bíllum!

ALLT Á HVOLFI

1 ÁRS
ÁBYRGÐ*





**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
gisl@fastmark.is



Hallveig Guðadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Vegna mjög mikillar sölu vantar okkur 2ja – 4ra herbergja íbúðir í póstnúmerum 101, 104, 105, 107, 108, 200, 201 og 210. Skoðum og verðmetum samdægurs

Grenibýggð – Mosfellsbæ.



Glæsilegt og vel byggt 221,0 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr (45,3 fm) á einstökum stað við skógarjaðar í Mosfellsbæ.

Einstaklega glæsileg lóð með fallegum gróðri og stór suður viðarverönd með heitum potti. Gegnheilt oliuborið eikarparket og flisar á gólfum.

Aukin lofthæð er í holi og stofum með innfelldri lýsingu.

Húsið er teiknað af Ingimundi Sveinssyni arkitekt.

Rituhólar – frábær útsýnisstaður.



Vel skipulagt um 450 fm. einbýlishús með auka 3ja herbergja íbúð með sér inngangi á neðri hæð hússins.

Húsið stendur á frábærum útsýnisstað við Eilíðaárdalinn. Þrjár samliggjandi stofur með mikilli lofthæð. Fallegur arinn er í arinstofu. Eldhús með nýlegum innréttingum. Stórt fjölskyldurými. Auðvelt er að sameina aukaíbúðina húsinu ef vill. Tvöfaldr bílskúr.

Lóðin er 850,0 fm að stærð með steypum bomanite veröndum.

Sævangur – Hafnarfirði.



Vel staðsett 269,8 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 47,4 fm. bílskúr.

Tvennar svalir sem snúa annars vegar í suður og hins vegar til suðausturs.

Garðurinn er ræktaður og mætir óspilltu mosa-vöxnu og grónu hrauninu til norðurs. Stórar stofur með arni. Þrjú rúmgóð herbergi. Sjónvarpsrími. Tvö baðherbergi.

Íbúð á neðri hæð með sér inngangi. Húsið er mikið endurnýjað.

Verð 77,9 millj.

Hnoðravellir – Hafnarfirði. Raðhús.



Einstaklega vel skipulagt og vandað 202,0 fm. staðsteypt raðhús á einni hæð með innbyggðum 33,9 fm. bílskúr. Verulega aukin lofthæð er í stórum hluta hússins. Gólfsíðir gluggar í stórum hluta húss og gert er ráð fyrir extra háum innihurðum. Gólfhitakerfi er í öllu húsinu og 3 baðherbergi.

Húsið skilast fullfrágengið að utan með fullfrágenginni lóð og að innan skilast húsið málað og tilbúið undir innréttingar.

Verð 57,9 millj.

Skógarvegur. Ný 4ra herbergja lúxusíbúð á efstu hæð.



Afar glæsileg 160,0 fm. lúxusíbúð á 4. hæð (efstu) að meðtöldri sér geymslu í kjallara í nýbyggingu við Skógarveg 14 í Reykjavík.

Íbúðin er í vestasta hluta hússins með óhindruðu og afar fallegu útsýni yfir Fossvoginn. Eignin skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi (þar af hjónasvítu með fataherbergi og baðherbergi), 2 baðherbergi, þvottahús, eldhús með stórrí eyju, stofu, borðstofu og rúmgóðum suðursvölum. Bílastæði í bílageymslu fylgir íbúðinni og lyfta er í húsinu. Gólfhiti í allri íbúðinni.

Verð 89,5 millj.

Fellsás- Mosfellsbæ. Parhús. Tvær íbúðir.



267,7 fm. parhús á tveimur hæðum á glæsilegum útsýnisstað í Mosfellsbæ með innbyggðum 33,3 fm. bílskúr. Búið er að loka á milli efri og neðri hæðar og er nýtt í dag sem sitthvor hæðin. Auðvelt er að opna aftur á milli hæða. Auk þess er búið að útbúa 32,2 fermetra stúdíó íbúð undir bílskúr með baðherbergi og eldunaraðstöðu. Aukin lofthæð er á efri hæð eignarinnar og svalir til vesturs.

Eignin er í enda botnlanga með óhindruðu útsýni yfir sundin, Snæfellsjökul og Esjuna.

Verð 64,9 millj.

Sumarhús – Efsti- Dalur, Bláskógabyggð



Einstaklega fallegt 115,7 fm. sumarhús í landi Efsta - Dals í Bláskógabyggð með stórkostlegu útsýni yfir suðurlandsundirlendið.

Lóðin er leigulóð 4.690,0 fermetrar að stærð. Glæsilegir pallar með skjólveggjum er umhverfis bústaðinn með heitum potti og góðri útiðurtu. Hitaveita er á svæðinu og kalt vatn kemur úr veitu. Mikill og fallegur trjágróður er á svæðinu, miklar grasflátir, sandkassi og gróðurkassar.

Malarbórið bílaplan er við bústaðinn og er pláss fyrir 4-5 bíla.

Verð 39,9 millj.

Orlofshús í Hlíðarfjalli – Akureyri



Nýtt orlofshús á frábærum útsýnisstað í Hálöndum Akureyri. Húsið er á einni hæð 108,7 fm. að stærð, staðsteypt, einangrað að utan og klædd liggjandi báruklaðningu. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi og er gístmöguleiki fyrir alls átta manns. Vandað parket er á öllum gólfum og vönduð tæki í baðherbergjum og eldhúsi. Frábær staðsetning í nágrenni við skíðasvæðið í Hlíðarfjalli sem getur í flestu árferði boðið upp á opnun 5-6 mánuði yfir vetrartímann.

Þetta er tilvalin eign fyrir starfsmannafélög eða tvær til þrjár fjölskyldur að fjárfesta í saman og eiga glæsilegt athvarf.

Verð 37,0 millj.

LUNDUR 25 – KÓPAVOGI

NÝTT OG GLÆSILEGT FJÖLBÝLISHÚS

Glæsilegt 5 hæða fjölbýlishús við Lund nr. 25 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 111,0 fermetrum upp í 179,2 fermetra og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnas og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða veröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Afhending íbúðanna er í mars/apríl 2017.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.





LUNDUR 5 – KÓPAVOGI

NÝTT OG GLÆSILEGT FJÖLBÝLISHÚS

Glæsilegt 11 hæða fjölbýlishús við Lund nr. 5 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 3ja og 4ra herbergja frá 120,5 fermetrum upp í 194,4 fermetra og verða afhendar með vönduðum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða veröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Afhending íbúðanna er í maí / júní 2017.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.



MELHAGI

Melhagi. Efri sérhæð og ris ásamt bílskúr.

Falleg og vel skipulögð 162,6 fm. efri sérhæð og ris í vesturbænum auk 34,1 fm. bílskúrs. Upphaflega er húsið teiknað sem fjölbýlishús en í dag eru bara tvær íbúðir í húsinu. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð hið innra á sl. 10 árum, m.a. eldhúsinnrétting, baðherbergi, gólfefni o.fl.auk þess sem raflagnir eru nýlegar. Samliggjandi stofur með útgengi á suðursvalir. Mögulegt væri að hafa allt að 6 svefnherbergi í eigninni. Stór hellulögð innkeyrsla er fyrir framan bílskúra með fjölda bílastæða.

Verð 79,0 millj.



KVÍSLARTUNGA

Kvíslartunga - Mosfellsbæ. Einbýlishús á útsýnisstað.

299,8 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 66,7 fm. bílskúr á fallegum útsýnisstað í Mosfellsbæ. Stofa með stórum gólfsíðum gluggum til suðvesturs. Stórt hjónaherbergi og tvö barnaherbergi. Sér baðherbergi inn af hjónaherbergi. Rúmgott sjónvarpshol. Húsið er klætt flísum og harðviði. Ýmis frágangur er eftir að utan, sem og að innan. Rut Káradóttir kom að innanhúshönnun, s.s. litavali, gólfefnum o.fl.

Staðsetningin er afar góð niður við Köldukvísl þar sem stutt er í fallegar gönguleiðir og aðra útivist.

Verð 65,5 millj.

6 HERBERGJA



FJÓLUGATA. SÉRHÆÐ – ÞRENNAR SVALIR.

Falleg 120,7 fm. 6 herbergja sérhæð auk 22,0 fm. bílskúrs m.m. samtals 173,0 fm. á þessum frábæra stað í Þingholtunum. Eignin hefur fengið mjög gott viðhald í gegnum tíðina. Búð er að endurnýja m.a. baðherbergi og þak. Þrennar svalir, þar af einar um 35 fm. sem eru ofan á bílskúr og útgengt er á úr hjónaherbergi. Aukin loft hæð er í íbúðinni.

69,9 millj.

3JA HERBERGJA



TEIGASEL 2. SUÐURSVALIR.

Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Góð 93,3 fm. íbúð á 2. hæð að meðt. sér geymslu í Seljahverfinu. Rúmgóð stofa með útgengi á suðursvalir. Tvö herbergi, bæði með skápum. Snýrtíleg sameign. Eignin er vel staðsett í rólegri botnlangagötu og í göngufæri við skóla, íþróttasvæði og ýmsa þjónustu.

31,9 millj.

2JA HERBERGJA



VATNSSTÍGUR 16 - 18. GLÆSILEG ÍBÚÐ.

Glæsileg 112,5 fm. íbúð með vestursvölum á 1. hæð í þessu glæsilega fjölbýlishúsi. Sér bílastæði í bílageymslu. Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Stórir gólfsíðir gluggar til vesturs í stofu og svefnherbergi. Svalir eru með tré-fjöllum og svalalokun.

49,9 millj.

4RA HERBERGJA



MELHAGI - RISÍBÚÐ. SVALIR TIL SUÐAUSTURS.

Falleg og vel skipulögð 87,5 fm. risíbúð með svölum til suðausturs í fjölbýlishúsi. Rúmgóðar og bjartar skiptanlegar stofur. Tvö herbergi. Eldhús með hvítum viðarinnréttingum. Í ár var skipt um stærstan hluta glers og gluggar málaðir. Raflagnir og tafli fyrir íbúð eru nýleg. Frábær staðsetning, stutt í skóla, íþróttasvæði KR og aðra þjónustu.

43,9 millj.

3JA HERBERGJA



KLEPPSVEGUR. LAUS TIL AFHENDINGAR STRAX.

Vel skipulögð 91,2 fm. íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi sem hannað var af Einari Sveinsyni arkitekt. Góðar svalir til suðurs með miklu útsýni yfir Reykjavík og úr eldhúsi og svefnherbergi er útsýni til norðurs yfir sundin, að Esjunni og víðar. Tvö herbergi með stórum gluggum. Rúmgóð og björt stofa. Sér geymsla í kjallara.

35,9 millj.

2JA HERBERGJA



LINDARGATA 57. ELDRI BORGARAR.

Virkilega falleg 52,9 fm. íbúð á 5. hæð. Útsýni til norðurs út á sundin og að Esjunni. Svalir til austurs. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara hússins. Sameign er snýrtíleg með rúmgóðum svölum til suðurs á hæðinni. Í húsinu er starfrækt félags- og tómstundastar og hægt er að kaupa hádegismat alla daga og kaffiveitingar virka daga.

33,5 millj.



LANGALÍNA 20 - 26, SJÁLANDI GARÐABÆ

NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

MIKIÐ OG ÓHINDRAÐ SJÁVARÚTSÝNI.

Sérlega glæsilegt 3ja hæða álklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 93 upp í 188 fermetra og verða afhendar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar verða ýmist með svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum. Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.



Sveinir Kristjánsson, lögg. fasteignasali
Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali
Kjartan Halgeirsson, lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri
Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali, sölustjóri
Magnea S. Sverriðóttir, MBA, lögg. fasteignasali
Hilmar Þór Halsteinnsson, lögg. leigusmiðari, lögg. fasteignasali
Reynir Björnsson, hagfræðingur, lögg. fasteignasali
Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali
Brynjar Þ. Sumarliðsson, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.
Brynja Björg Halldórsdóttir, hdl., löggiltur fasteignasali
G. Andri Guðlaugsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali
Gunnar Jóhann Gunnarsson, hdl., löggiltur fasteignasali
Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri
Elin Þorleifsdóttir, ritari
Audis H. Júlíusdóttir, ritari
Anne M. Sigurðardóttir, ritari

FRIGGJARBRUNNUR 1, 113 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Mjög góð 200 fm penthouse íbúð. Aðeins ein íbúð er á hæðinni. Fjögur svefnherbergi, tvær stofur, tvö baðherbergi. Þvottahús innan íbúðar. Aukin lofthæð er í íbúðinni og glæsilegt útsýni er frá mjög stórum þaksvölum. Tvö bílastæði í bílageymslu tilheyrja. **Opið hús mánudaginn 28. nóv. milli kl 17:15 og 17:45 (íbúð merkt 301).** Einnig er hægt að bóka skoðun hjá Brynjari Þór s: 896-1168 aðstm. fast. sala og Kjartani Halgeirssyni s: 824-9093, kjartan@eignamidlun.is. V. 74,9 m

MELGERÐI 39, 200 KÓPAVOGUR



OPIÐ HÚS



Falleg og björt 127,1 fm neðri sérhæð ásamt 21,6 fm bílskúr, samtals 148,7 fm. Hæðin skiptist í forstofu, geymslu (sem er gestasnyrtingu skv. teikningu), hol, þrjú svefnherbergi, borðstofu og stofu, baðherbergi, eldhús og þvottahús. Sér inngangur. Góður bílskúr með hurðaðopnara rafmagni og hita fylgir eigninni. Mjög gott útsýni úr stofu. **Opið hús þriðjudaginn 29. nóv. milli 17:15 og 17:45. V. 47,0 m**

FROSTASKJÓL 13, 112 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS



Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 86,3 fm 3-4ra herbergja íbúð við Frostaskjól í Vesturbæ Reykjavíkur. Sérinngangur er í íbúðina og útgengi frá stofu út á pall til suðurs. Húsið var sprunguviðgert að utan og málað árið 2014. Íbúðin hefur verið töluvert endurnýjuð að innan. Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni í dag. Frábær staðsetning. **Opið hús mánudaginn 28. nóv. milli 17:15 og 17:45. V. 43,9 m**

HAFRAVELLIR 7, 221 HAFNARFJÖRÐUR



OPIÐ HÚS



Rúmgott 230,1 fm einbýlishús á einni hæð við Hafravelli í Hafnarfirði. Húsið skiptist anddyri, eldhús, borðstofu, stofu, sjónvarpshol, gestasalerni, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Innangengt er úr þvottahúsi í rúmgóðan bílskúr með geymslu og millilofti. Timburverönd. **Opið hús mánudaginn 28. nóv. milli 17:15 og 17:45. V. 63,9 m**

FRAKKASTÍGUR 12 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Afar skemmtilega 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í fallegu timburhúsi við Frakkastíg. Íbúðin skiptist í anddyri, þvottahús, baðherbergi, tvö svefnherbergi, stofu og eldhús. Húsið var málað og yfirfarið að utan fyrir tveimur árum. Einstök staðsetning í miðbæ Reykjavíkur. **Opið hús þriðjudaginn 29. nóv. milli 17:15 og 17:45. V. 37,9 m**

HRAUNBÆR 132 110 REYKJAVÍK



Rúmgóð 95,4 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, eldhús, baðherbergi, tvö herbergi og forstofu. Íbúðin er laus við kaupsamning. Stutt er í alla helstu þjónustu. **V.29,9 m. LAUS STRAX**

MIDSTRÆTI 5 101 REYKJAVÍK



Einstaklega falleg og sjarmerandi 6 herbergja íbúð í einu af eldri húsum borgarinnar. Íbúðin er þriðja hæð, risloft og stór geymsla í kjallara. Glæsilegt útsýni yfir mið- og vesturbæinn. Einstakur staður. Á hæðinni eru þrjú svefnherbergi, fataherbergi, tvær stofur, eldhús og nýuppgerð rúmgott baðherbergi. Risloft er yfir öllu sem gefur mikla möguleika. Mjög góðar svaflir. **V. 73,9 m**

LINDARGATA 28 101 REYKJAVÍK



Ný fullbúin 3ja herb. íbúð á 2. hæð. Stofa og tvö svefnherbergi. Glæsilegar innréttingar, harðparket og flisar á gólfum. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél er í eldhúsi. Einstök staðsetning miðsvæðis í Reykjavík. Íbúðin er tilbúin til afhendingar. **V. 49,7 m**
Nánari uppl. veitir Guðlaugur I. Guðlaugsson fast.sali s: 864-5464, gudlaugur@eignamidlun.is

LJÓSHEIMAR 8 104 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Falleg 4ra herbergja 101 fm endaíbúð á 4. hæð í snyrtilegu og vinsælu lyftuhúsi. Vestursvaflir. Góð og snyrtilega sameign. Húsvörður í húsinu. Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning. Fallegt útsýni. Stutt er í alla helstu þjónustu s.s. Skeifuna, Glæsibæ, Laugardalinn og skóla. **Opið hús miðvöðudaginn 30. nóv. milli 17:15 og 17:45 (íbúð 0406). V. 38,5 m**

SÓLVALLAGATA 48B 101 REYKJAVÍK



OPIÐ HÚS

Þriggja herbergja 66,7 fm íbúð í bakhúsi við Sólvallagötu. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, samliggjandi eldhús/stofu, baðherbergi og búr/geymslu. Íbúðin er í kjallara en með góða glugga. Mjög góð staðsetning miðsvæðis. **Verð 31,9 millj. Opið hús mánudaginn 28. nóv. milli 17:15 og 17:45.**

Mánatún 11-17

Aðeins 7 íbúðir eru eftir. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar strax.

Opið hús í vikunni

Sunnudaginn 27. nóv, milli 15.00 og 16.00
Mánudaginn 28. nóv, milli 12.15 og 13.00
Þriðjudaginn 29. nóv, milli 17.15 og 18.00
Miðvikudaginn 30. nóv, milli 12.15 og 13.00
Fimmtudaginn 1. des, milli 17.15 og 18.00

- 3ja-4ra herbergja íbúðir, 110-180 fm
- Allar íbúðir með sér bílastæði í bílageymslu.
- Vandaðar sérsníðaðar innréttingar.
- Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.
- Verð frá 52,2 millj.



Reynir Björnsson
hagfræðingur
lögg. fasteignasali
Sími 895 8321
reynir@eignamidlun.is



Brynjar Þór Sumarliðason
BSc viðskiptafræði
aðstoðarm. fasteignasala
Sími 896 1168
brynjar@eignamidlun.is



Hilmar Þór Hafsteinsson
lögg. leigumiðlari
lögg. fasteignasali
Sími 824 9098
hilmar@eignamidlun.is



G. Andri Guðlaugsson
lögfræðingur
lögg. fasteignasali
Sími 662 2705
andri@eignamidlun.is

Holtsvegur 37-39, Urriðaholti, Garðabæ



Opið hús mánudaginn 28. nóv. milli 17:15 og 17:45

Aðeins 6 íbúðir eru eftir.

- Stærð íbúða frá 91 til 132 fm.
- 3ja til 4ra herbergja íbúðir
- Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum
- Vandaðar innréttingar frá Axis.
- Glæsilegt útsýni frá flestum íbúðum.
- Verð frá 47,9 millj.



G. Andri Guðlaugsson
lögfræðingur
lögg. fasteignasali
Sími 662 2705
andri@eignamidlun.is

Aðeins tvær íbúðir eftir. Bókið skoðun strax

- Glæsilegar íbúðir með mögnuðu útsýni.
- Íbúðirnar eru 111 fm.
- 3ja til 4ra herbergja.
- Vandaðar innréttingar.
